

# Ársskýrsla 2024



LÍFSVERK  
LÍFEYRISSJÓÐUR

Ljósmynd á kápu: Hermann Sigurðsson

Ljósmyndir af starfsfólki og stjórn: Birgir Ísleifur Gunnarsson & Ásta Kristjánsdóttir

Hönnun og umbrot: Hermann Sigurðsson

## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns.....	4
Um sjóðinn .....	7
Ávöxtun og þróun verðbréfamarkaða .....	8
Iðgjöld og lífeyrir .....	10
Rekstur og áætlun .....	12
Áhættustefna .....	13
Fjárfestingarstefna .....	14
Tryggingafræðileg staða .....	15
Sjóðfélagalán .....	16
Verðbréfaeign og fjárfestingar.....	17
Helstu eignaflokkar samtryggingardeildar.....	19
Séreignardeild og tilgreind séreignardeild .....	21
Gagnsæi og nýliðun.....	27
Samfélagsleg ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar .....	29
Stjórn.....	33
Starfsmenn .....	34
Ársreikningur .....	35
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra.....	36
Áritun óháðs endurskoðanda .....	39
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris .....	44
Efnahagsreikningur.....	45
Sjóðstreymisyfirlit .....	46
Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris ....	47
Efnahagsreikningur deilda .....	48
Sjóðstreymisyfirlit deilda .....	49
Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu.....	50
Skýringar.....	51
Stjórnarháttayfirlýsing .....	71
Ófjárhagslegar upplýsingar .....	74

## ► Ávarp stjórnarformanns



Í ár fagnar Lífsverk lífeyrissjóður 70 ára afmæli en á vormánuðum 1955 var reglugerð fyrir Lífeyrissjóð Verkfræðinga samþykkt. Sjóðurinn hefur stækkað og styrkst á þessum tíma og greiða í dag rúmlega 3.500 sjóðfélagar iðgjald til sjóðsins. Heildareignir sjóðsins voru í lok síðasta árs 190 milljarðar sem er aukning um rúm 13% milli ára. Til að byrja með var sjóðurinn eingöngu fyrir útskrifaða verkfræðinga en á undanförunum árum hafa inngönguskilyrðin verið rýmkuð og í dag geta allir háskólamenntaðir og þeir sem eru í háskólanámi orðið sjóðfélagar.

Umtalsverður viðsnúningur varð á ávöxtun á síðasta ári. Hrein raunávöxtun samtryggingardeildar var 4,9% á árinu 2024 en var neikvæð um 0,7% árið áður. Síðastliðin 5 ár er hrein raunávöxtun deildarinnar 2,9%. Raunávöxtun séreignardeilda Lífsverks var einnig jákvæð á árinu frá 3,2% til 7,0% eftir leiðum. Hlutabréf, bæði erlend og innlend, gáfu bestu ávöxtunina á árinu, einkum á seinni hluta ársins. Innlendir markaður einkenndist þó af miklum sveiflum og krefjandi umhverfi. Verðbólga fer nú ört lækkandi og gefa stýrivaxtalækkanir Seðlabanka tilefni til bjartsýni.

Heildartryggingafræðileg staða sjóðsins var í lok síðasta árs -2,7% en við lok árs 2023 var hún -4,0%. Staðan hefur því batnað umtalsvert milli ára og er það einkum vegna góðrar ávöxtunar á árinu. Tryggingafræðileg staða áfallinna skuldbindinga er -5,0% en staða framtíðarréttinda er 2,4%. Þessi tryggingafræðilega

staða er innan skilgreindra marka sjóðsins og því ekki þörf á að gera breytingar á framtíðar réttindaávinnslu.

### Vaxandi eftirspurn eftir sjóðfélagalánum

Eftirspurn eftir sjóðfélagalánum Lífsverks hefur aukist jafnt og þétt á undanförunum árum. Frá árinu 2022 hafa sjóðfélagalán tvöfaldast að upphæð, og farið úr því að vera rúm 12% af heildareignum sjóðsins eða um 14 milljarðar, upp í 19,5% af heildareignum og um 29 milljarða. Samkvæmt fjárfestingarstefnu sjóðsins, fyrir árin 2024 og 2025 skal stefnt að því að sjóðfélagalán séu 19% af heildareignum samtryggingar og að hámarki 25%. Sjóðurinn stóð frammi fyrir því snemma á síðasta ári að þurfa með einhverjum hætti að takmarka eftirspurn eftir sjóðfélagalánum og var því gripið til þess ráðs að þrengja lánareglur sjóðsins tímabundið. Fasteignakaupendum og þeim sem vilja endurfjármagna eldri lán hjá sjóðnum standa lánin til boða sem fyrr en nú geta fasteignaeigendur ekki lengur endurfjármagnað lán frá öðrum lánveitendum hjá sjóðnum. Vonir standa til þess að um tímabundna ráðstöfun verði að ræða. Fjárfestingarstefnan byggir á umfangsmikilli vinnu ár hvert og það er mikilvægt fyrir ávöxtun sjóðsins og áhættudreifingu að fylgja settri fjárfestingarstefnu.

### Starfsemi sjóðsins eflist

Í byrjun síðasta árs flutti sjóðurinn í nýtt húsnæði að Laugavegi 182 og um mitt ár var eignastýring séreignar flutt frá Kvikú eignastýringu yfir til sjóðsins. Þetta eru áfangar sem starfsmenn

sjóðsins hafa unnið að um nokkurt skeið og var því ánægjulegt að sjá þá loksins verða að veruleika. Hvoru tveggja var vel skipulagt og fylgt samviskusamlega eftir af starfsmönnum sjóðsins svo að sjóðfélagar fundu lítið fyrir þessum breytingum. Stærri húsnæði var forsenda þess að mögulegt væri að fjölga starfsfólki en tvö stöðugildi bættust við á síðasta ári einkum vegna vinnu við séreignarleidirnar. Við teljum mikil tækifæri til lækkunar á rekstrar- og fjárfestingakostnaði með samlegðaráhrifum af stýringu sameignar og séreignarleida.

### Sameiningarviðræður

Undanfarin ár hafa kröfur um upplýsingagjöf lífeyrissjóða aukist umtalsvert. Má þar nefna sem dæmi kröfur um samfélagslega ábyrgð sem fela í sér að lífeyrissjóðir setji sér stefnu í þeim málaflokki og taki reglulega saman ýmis gögn og upplýsingar um fjárfestingar sínar, sem tengjast samfélagslegri ábyrgð. Nú nýlega voru kynntar auknar kröfur um gagnaöryggi og munu allar fjármálastofnanir undirgangast þá reglugerð. Þetta eru að mörgu leyti nauðsynlegar og mikilvægar breytingar m.a. vegna aukinnar hættu á netárásum. Sífellt meiri vinna fer í að bregðast við auknum kröfum um upplýsingagjöf og innleiða nýjar reglugerðir. Voru það m.a. umræður um aukinn rekstrarkostnað og fjölgun stöðugilda sem urðu til þess að í byrjun þessa árs ákvað stjórn Lífsverks að kanna áhuga Almenna lífeyrissjóðsins til sameiningar. Í framhaldi af því samtali var gengið frá viljayfirlýsingu beggja stjórna til að kanna grundvöll til sameiningar. Markmið sameiningar

er að styrkja hag sjóðfélaga með þeim samlegðaráhrifum sem nást í stærri sjóði en ástæða þess að stjórn ákvað að kanna grundvöll viðræðna hjá Almenna lífeyrissjóðnum er sú að sjóðirnir eiga mjög margt sameiginlegt. Almenni er sjóður sem myndast hefur úr sameiningu starfsgreinasjóða arkitekta, lækna, tæknifræðinga, leiðsögumanna og hljómlistarmanna. Réttindaávinnsla sjóðanna er að mörgu leyti lík auk þess sem það er sjóðfélagalýðræði í stjórnarkjöri og lögð áhersla á að bjóða sjóðfélögum hagstæð lán og veita góða þjónustu. Stefnt er að því að niðurstaða viðræðna liggja fyrir innan nokkurra mánaða og verða þær í framhaldinu kynntar sjóðfélögum. Stjórn bindur vonir við að viðræður leiði til hagfelldrar niðurstöðu fyrir sjóðfélaga beggja sjóða, en okkar hlutverk er fyrst og fremst að gæta hagsmuna sjóðfélaga Lífsverks.

Stjórn Lífsverks þakkar starfsmönnum Lífsverks fyrir vel unnin störf og ánægjuleg samskipti. Störf þeirra hafa einkennst af fagmennsku, heilindum og metnaði fyrir árangri sjóðsins.

Eva Dereksdóttir,  
formaður stjórnar Lífsverks





## ► Um sjóðinn

Lífsværk lífeyrissjóður fagnar 70 ára afmæli í ár en stofnun sjóðsins átti sér nokkurn aðdraganda. Á fundi í Verkfræðingafélagi Íslands 28. september 1954 var samþykkt að stofna lífeyrissjóð og þá voru jafnframt ákveðin nokkur meginatriði reglna um sjóðinn. Sjóðurinn var stofnaður í framhaldi af samningum um kaup og kjör verkfræðinga haustið 1954, þar sem gert var ráð fyrir að vinnuveitendur greiddu ákveðið tillag til lífeyrissjóðs. Á framhaldsaðalfundi Verkfræðingafélags Íslands 29. mars 1955 var reglugerð fyrir sjóðinn samþykkt og hún síðan staðfest af hálfu fjármálaráðuneytisins 29. apríl 1955.

Sjóðurinn hét í fyrstu Lífeyrissjóður Verkfræðingafélags Íslands og síðar Lífeyrissjóður verkfræðinga. Árið 2014 var nafni sjóðsins breytt í Lífsverk lífeyrissjóður. Inngönguskilyrði hafa smám saman verið rýmkuð og sjóðurinn opnaður fyrir háskólafólki. Lífsverk er eini lífeyrissjóðurinn á Íslandi sem eingöngu er opinn háskólafólki. Í samþykktum sjóðsins er kveðið á um að þau sem hafa lokið háskólanámi eða eru í námi við viðurkenndan háskóla geti orðið sjóðfélagar. Öllum er hins vegar heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignar- eða tilgreindrar séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um. Sjóðurinn var fyrsti lífeyrissjóðurinn sem byggði á aldurstengdum réttindum og tók upp sjóðfélagalyðræði. Stjórn sjóðsins er öll skipuð sjóðfélögum sem kosnir eru í rafrænu stjórnarkjöri, þar sem allir sjóðfélagar hafa jafnan kosningarétt.

Lífsverk er blandaður lífeyrissjóður sem starfrækir **samtryggingardeild og séreignar- og tilgreinda séreignardeild**. Sjóðurinn tekur bæði við skylduiðgjaldi í lífeyrissjóð og viðbótarlífeyrissparnaði. Í séreignardeild og tilgreindri séreignardeild býður sjóðurinn þrjár ávöxtunarleiðir með mismunandi áhættustigi, Lífsverk 1, Lífsverk 2 og Lífsverk 3. Í samtryggingardeild stendur sjóðfélögum til boða að velja milli þess að allt iðgjaldið renni í samtryggingarsjóð (samtryggingarleiðin), eða að 10% iðgjald renni í samtryggingarsjóð en það sem umfram er í séreignarsjóð (blandaða leiðin). Leiðirnar eru ólíkar með tilliti til erfanleika og útgreiðslna.

**Samtryggingarleiðin** felur í sér að allt skylduiðgjaldið rennur til samtryggingardeildar, sem veitir sjóðfélögum aukna

tryggingarvernd og hærri ævilangan lífeyri. Réttindaávinnsla fyrir greidd iðgjöld er afar góð hjá sjóðnum. Réttindin felast í greiðslu ævilangs lífeyris, auk tryggingaverndar við starfsorkumissi, þ.e. örorku og barnalífeyri og greiðslu til eftirlifandi maka og barna við fráfall. Tryggingaverndin hefur verið ríkari en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum. Þá eykst mikilvægi þess að njóta ævilangs lífeyris stöðugt með hækkanði lífslíkum.

**Blandaða leiðin** er leið þar sem hluti skylduiðgjalds rennur í séreignardeild. Lífsverk er einn fárra lífeyrissjóða sem býður þennan valkost, sem veitir sjóðfélögum aukinn sveigjanleika þegar kemur að útgreiðslu lífeyris. Grunnur þessarar leiðar er sá að vegna góðrar réttindaávinnslu í sjóðnum nægir 10% iðgjald til samtryggingardeildar til þess að standa undir lágmarkstryggingavernd samkvæmt lögum, sem miðast við að á 40 ára inngreiðslutíma ávinni sjóðfélagi sér 56% af meðallaunum í ævilangan lífeyri. Sjóðfélagi hefur því val um að ráðstafa iðgjaldi sem er umfram 10% til samtryggingar eða séreignar. Sá hluti sem rennur til séreignar erfist við andlát og enginn erfðafjárskattur er greiddur ef erfingjar eru maki eða börn. Hægt er að velja milli þriggja ávöxtunarleiða og þannig geta yngri sjóðfélagar og þeir sem hafa meira áhættuþol, valið áhættumeiri leiðir og þeir sem eldri eru dregið úr áhættunni. Sjóðfélagar geta flutt séreign sína milli leiða sér að kostnaðarlausu.

Sjóðurinn í heild stækkaði um 13,3% á árinu, nýir sjóðfélagar voru 208 talsins og námu heildareignir í árslok 190,1 milljarði króna. Hrein eign til greiðslu lífeyris í samtryggingardeild nam 150,3 milljörðum og í séreignar- og tilgreindri séreignardeild 39,9 milljörðum.

### Gildi sjóðsins eru:

- Heilindi
- Jákvæðni
- Ábyrgð

## ▶ Ávöxtun og þróun verðbréfamarkaða

### Þróun verðbréfamarkaða

Árið 2024 var nokkuð krefjandi á helstu eignamörkuðum innanlands og erlendis, þó það hafi orðið viðsnúningur seinni hluta ársins. Úrvalsvísitala innlendra hlutabréfa með arði (OMXI10GI) hækkaði um 15,9%, sérstaklega síðustu mánuði ársins eftir töluverðar sveiflur yfir árið. Vísitala heildarmarkaðar með arði (OMXIGI) endaði árið með hækkun um 14,7%. Erlendar hlutabréfavísitölur sveifluðust einnig yfir árið en hækkuðu verulega á síðari helming ársins, heimsvísitala hlutabréfa (MSCI All Country World Index) hækkaði um 18,7% og bandaríska S&P500 vísitalan hækkaði um 23,2%, báðar mældar í Bandaríkjadal. Hlutabréf í Evrópu hækkuðu einnig en þó töluvert minna eða um 5,8% m.v. MSCI Evrópa (MSCI Europe) vísitöluna sem er mæld í evrum. Hlutabréf á nýmarkaðssvæðum m.v. MSCI nýmarkaðsvísitölu (MSCI Emerging market) hækkuðu um 5,1% mælt í Bandaríkjadal. Ávöxtunarkrafa innlendra skuldabréfa sveiflaðist einnig á árinu og ríkisskuldabréfavísitalan OMX (NOMXIBB) hækkaði um


7,3% á árinu en aðrar innlendar skuldabréfavísitölur enduðu árið á að hækka á bilinu 7,9-9,8%. Heimsvísitala erlendra skuldabréfa (Bloomberg Global Aggregate Index), lækkaði á árinu um 1,7% mælt í Bandaríkjadal. Íslenska krónan sveiflaðist á árinu en endaði árið með því að styrkjast um 4,4% gagnvart evru og veikjast um 1,5% gagnvart Bandaríkjadal á árinu. Ársverðbólgan var 4,8% á árinu, mæld með vísitölu neysluverðs.

### Ávöxtun samtryggingardeildar

Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar Lífsverks var 9,9% en hrein raunávöxtun var 4,9% fyrir árið 2024, samanborið við 7,3% hreina nafnávöxtun og -0,7% hreina raunávöxtun fyrir árið 2023.

### Hrein nafn- og raunávöxtun árin 2024 og 2023


Samtryggingardeild



### Hrein raunávöxtun síðustu 5 ára ásamt

5 og 10 ára meðaltali

Samtryggingardeild






## ▶ Ávöxtun séreignardeilda

### Ávöxtun séreignardeilda

Séreignarleiðir Lífsverks skiluðu jákvæðri nafn- og raunávöxtun á árinu 2024. Séreignarleiðirnar eru gerðar upp á markaðsvirði og er gengi reiknað daglega.


### Hrein nafn- og raunávöxtun árið 2024

Séreignardeildir




### Hrein raunávöxtun síðustu 5 ára ásamt 5 og 10 ára meðaltali

Lífsverk 2




### Hrein raunávöxtun síðustu 5 ára ásamt 5 og 10 ára meðaltali

Lífsverk 1



### Hrein raunávöxtun síðustu 5 ára ásamt 5 og 10 ára meðaltali

Lífsverk 3



## ► Iðgjöld og lífeyrir

### Iðgjöld

Samanlögð iðgjöld ársins 2024 námu 9.010 m.kr. og námu samanlagðar lífeyrisgreiðslur 3.547 m.kr. Hlutfall lífeyris af samanlögðum iðgjöldum var 39,4%.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til samtryggingardeildar sjóðsins námu 5.662 m.kr. sem er aukning um 7,8% frá fyrra ári.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.526 og jókst um 2,8% frá fyrra ári. Af þeim eru um 70% karlar og 30% konur. Hlutfall kvenna hækkar um 1% milli ára. Meðalaldur virkra sjóðfélaga er 44,3 ár. Fjöldi launagreiðenda sem greiddi iðgjöld í sjóðinn

Iðgjöld - samtryggingardeild	2024	2023	% breyting milli ára
Iðgjöld í m.kr.	5.662	5.253	7,8%
Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga	3.526	3.430	2,8%
Fjöldi sjóðfélaga í árslok	6.228	6.039	3,1%


var 1.474 samanborið við 1.515 árið áður. Alls eiga 6.228 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum í lok árs 2024 sem er 3,1% aukning frá fyrra ári.

Aldurstengd réttindaávinnsla samtryggingardeildar er góð í samanburði við aðra samtryggingarsjóði. Iðgjald til öflunar lágmarkstryggingaverndar er 10% af heildarlaunum sjóðfélaga, sem hafa val um að ráðstafa því sem umfram er í séreign sína. Í byrjun árs 2023 hækkaði lágmarksiðgjald samkvæmt lögum úr 12% í 15,5% og var samþykktum sjóðsins breytt á aðalfundi 2023 til samræmis. Á sama fundi voru gerðar breytingar á réttindatöflum þannig að hver fæðingarárgangur fékk sína réttindatöflu, sem miðar að því að greidd iðgjöld standi undir skuldbindingum þess árgangs.

Iðgjöld í séreignardeild námu 3.348 m.kr. Er það hækkun um 7,7% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.798 og jókst um 2,5% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega var 255 og lífeyrisgreiðslur voru 662 m.kr. eða sem nemur 19,8% af iðgjöldum.


### Iðgjöld

#### Samtryggingardeild



### Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga

#### Samtryggingardeild



## ► Iðgjöld og lífeyrir [frh]

### Lífeyrir

Lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega samtryggingardeildar samanstanda af ævilöngum lífeyri til sjóðfélaga auk maka-, barna- og örorkulífeyris. Tryggingaverndin er betri en tilskilið lágmark samkvæmt lögum og ríkari en hjá mörgum öðrum lífeyrissjóðum.

Á árinu námu lífeyrisgreiðslur í samtryggingardeild 2.885 m.kr. og jukust um 23,8% frá fyrra ári. Hlutfall lífeyrisgreiðslna af iðgjöldum var 50,9% og hækkaði um 5,5% milli ára. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 842 og fjölgaði um 96 milli ára.


Hlutfallsleg skipting lífeyrisgreiðslna var þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega voru 84,8% af heildar lífeyrisgreiðslum ársins, eða samtals 2.401 m.kr., örorkulífeyrir var 7,9% eða 225 m.kr., makalífeyrir var 6,4% eða 182 m.kr. og barnalífeyrir var 0,8% eða 23 m.kr.

Örorkutiðni sjóðfélaga er enn með því lægsta sem gerist hjá lífeyrissjóðum. Það þýðir að sjóðurinn getur varið hærra hlutfalli af iðgjöldum til eftirlaunagreiðslna en margir aðrir sjóðir.

Lífeyrir	2024	2023	% breyting milli ára
Lífeyrisgreiðslur	2.885	2.331	23,8%
Meðalfjöldi lífeyrisþega	842	746	12,9%


### Meðalfjöldi lífeyrisþega

Samtryggingardeild



### Lífeyrir

Samtryggingardeild




## ► Rekstur og áætlun

Rekstur sjóðsins gekk vel á árinu 2024 og lækkar hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu eigna milli ára, fer úr 0,28% í 0,25%. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var 438,0 m.kr. á árinu samanborið við 405,6 m.kr. árið 2023 og hækkar um 8,0% milli ára en áætlun gerði ráð fyrir 15,0% hækkun. Á árinu var fjölgað um tvö stöðugildi og voru starfsmenn sjóðsins 12 í lok árs en meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 10,9 samanborið við 10,0 á fyrra ári. Fjölgun starfsmanna skýrist af því að á miðju ári tók sjóðurinn yfir rekstur séreignarleiða sem áður hafði verið útvistað. Þessi breyting hefur einnig í för með sér tilfærslu milli liða í ársreikningi milli fjárfestingargjalda og skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar hjá séreignarleidunum. Laun framkvæmdastjóra, forstöðumanns eignastýringar, stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar námu 80,4 m.kr. á árinu 2024 samanborið við 73,8 m.kr. á árinu 2023 og hækka um 9,0% milli ára.

Í janúar 2024 flutti sjóðurinn í nýtt húsnæði að Laugavegi 182. Stærra húsnæði var forsenda þess að mögulegt væri að fjölga starfsfólki og færa eignastýringu séreignar yfir til sjóðsins. Nýtt húsnæði hentar starfsemi sjóðsins betur og þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum.

Áætlun ársins 2025 gerir ráð fyrir 15,0% hærri heildarkostnaði en árið 2024 sem skýrist af fjölgun starfsmanna frá árinu 2023 og almennum verðlagshækkunum.

### Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður



## ▶ Áhættustefna

Áhættustefna Lífsverks er stefna stjórnar um áhættu í starfsemi sjóðsins sem hún er reiðubúin að taka í samræmi við markmið og framtíðarsýn sjóðsins. Stefnan er sett í samræmi við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða. Áhættustefnan lýsir umgjörð áhættustýringar sjóðsins, skilgreinir þá áhættuþætti sem mikilvægastir eru fyrir sjóðinn og setur fram áhættuvilja og áhættuþol stjórnar. Áhættustefnan nær yfir alla starfsemi sjóðsins en ekki til félaga í eigu hans. Áhættustefna tekur bæði til samtryggingardeildar og séreignar- og tilgreindrar séreignardeildar sjóðsins.

Áhætta Lífsverks er skilgreind sem hætta á atburði sem dregur úr líkunum á því að lífeyrissjóðurinn nái markmiðum sínum, en meginmarkmið samtryggingardeildar er að greiða lífeyri samkvæmt samþykktum. Áhætta samtryggingardeildar er því öll þau atvik er geta marktækt haft áhrif á getu lífeyrissjóðsins til að standa við skuldbindingar sínar, þ.e. að tryggingafræðileg staða verði neikvæð til skemmri eða lengri tíma, samnanber 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997. Áhætta samtryggingardeildar nær bæði til atvika er lúta að eignum og skuldbindingum á meðan áhætta séreignadeilda snýr aðeins að eignum þeirra.

Áhættu sjóðsins er skipt í sex meginflokkka, sem eru markaðsáhætta, lausafjáraáhætta, mótaðilaáhætta, lífeyrstryggingaráhætta (eingöngu samtryggingardeild), rekstraráhætta og áhætta tengd sjálfbærni. Þessum meginflokkum er síðan skipt í 31 áhættuþátt í rekstri sjóðsins, sem sjá má hér að neðan.

Ófjárhagslegir áhættuþættir skipta máli í rekstri sjóðsins og hafa aukist að umfangi, sér í lagi hvað varðar netöryggi og

upplýsingatækniáhættu. Sjóðurinn vinnur nú að innleiðingu reglugerðar ESB nr. 2022/2554 um rekstraröryggi fyrirtækja á fjármálamarkaði (Digital Operational Resilience Act eða DORA), sem mun taka gildi á Íslandi þann 1. júlí 2025.

### Markaðsáhætta

Ársfjórðungslega gerir sjóðurinn ítarlega skýrslu um fjárhagslega áhættu, þar sem greindir eru undirþættir markaðsáhættu sem sýndir eru í töflunni hér fyrir neðan.

Næmnigreiningar eru gerðar til að meta áhrif breytinga tiltekinnna þátta á eignasafnið, svo sem vaxta verðtryggðra og óverðtryggðra eigna, gengi gjaldmiðla, gengi hlutabréfa og verðbólgu. Bæði eru skoðuð áhrif einfaldra breytinga hvers þáttar fyrir sig og flóknari sviðsmynda þar sem samspil mismunandi þátta er skoðað. Í sviðsmyndagreiningunni eru metin áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins vegna breytingar á virði eigna og þátta sem hafa áhrif á skuldbindingar sjóðsins svo sem verðbólgu og breytingar á ávöxtunarkröfu.

Greining byggð á árlegu fé í húfi (e. VaR) er notuð til að meta líkindi á stóru tapi í eignasafninu þar sem líkindadreifing er metin út frá sögulegum gögnum. Miðað er við 99% vissu og reiknað bæði út frá uppgjöri á kaupkröfu og markaðskröfu. Fé í húfi er bæði metið miðað við stöðu eignasafnsins hverju sinni og svo fyrir tiltekna sviðsmyndir.


Ítarlega er fjallað um áhættuþætti í starfsemi sjóðsins og áhættustýringu í skýringu nr. 31 í ársreikningi.

Lífeyrstryggingaráhætta	Lausafjáraáhætta	Mótaðilaáhætta	Markaðsáhætta	Rekstraráhætta	Áhætta tengd sjálfbærni
<ul style="list-style-type: none"><li>• Skerðingaráhætta</li><li>• Iðgjaldaáhætta</li><li>• Umhverfisáhætta</li><li>• Lýðfræðileg áhætta</li><li>• Réttindaflutningsáhætta</li><li>• Ósamræmisáhætta</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Seljanleikaáhætta</li><li>• Útstreymisáhætta</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Útlánaáhætta</li><li>• Samþjöppunaráhætta</li><li>• Landsáhætta</li><li>• Afhendingar- og uppgjöráhætta</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Vaxta og endurfjárfestingaráhætta</li><li>• Uppgreiðslu-áhætta</li><li>• Verðáhætta (hlutabréfa og hlutdeildarskírteina)</li><li>• Gjaldmiðlaáhætta</li><li>• Verðbólguáhætta</li><li>• Áhætta vegna skuldbindinga utan efnahags</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Starfsmannaáhætta</li><li>• Hlitingaráhætta</li><li>• Sviksemisáhætta</li><li>• Áhætta vegna upplýsingatækni</li><li>• Orðsporsáhætta</li><li>• Pólitísk áhætta / lög og reglur</li><li>• Skjalaáhætta</li><li>• Úrskurðaráhætta lífeyris</li><li>• Áhætta vegna útvistunar</li><li>• Upplýsingaáhætta</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhætta tengd umhverfisþáttum</li><li>• Áhætta tengd félagslegum þáttum</li><li>• Áhætta tengd stjórnarháttum</li></ul>

## ► Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna sjóðsins er mótuð árlega og samþykkti stjórn Lífsverks fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2025 í nóvember 2024. Hver eignaflokkur var metinn út frá stöðu markaða og framtíðarhorfa þar sem litið var til samspils áhættu og ávöxtunar. Við mat á áhættustigi sjóðsins var litið til mats á skuldbindingum hans, framtíðargreiðsluflæði, aldursamsetningar sjóðfélaga og tryggingafræðilegrar stöðu fyrir samtryggingardeild. Í framhaldi af þessari vinnu var sett fram fjárfestingarstefna sjóðsins.

### Fjárfestingarstefna 2025 Samtryggingardeild



Auk stefnu í hverjum eignaflokki eru sett ákveðin vikmörk en tilgangur þeirra er að sjóðurinn geti nýtt sér markaðsaðstæður á hverjum tíma eða brugðist við óvæntum aðstæðum.

Þegar borin er saman eignasamsetning samtryggingardeildar í lok árs 2024 við fjárfestingarstefnu fyrir árið 2025 sést að auka skal hlutfall erlendra hlutabréfa en aðrar breytingar eru minniháttar. Innlán eru umfram stefnu m.v. árslok sem eru tímabundnar aðstæður. Samsetning verðbréfasafns samtryggingardeildar við árslok 2024 var innan vikmarka fjárfestingarstefnu sjóðsins. Hlutfall erlendra eigna er undir stefnu við árslok 2024. Markmið sjóðsins til lengri tíma er að auka enn vægi erlendra eignaflokka. Lögð er áhersla á virka áhættudreifingu í eignasafninu en markmið sjóðsins er að hámarka ávöxtun til lengri tíma litið að teknu tilliti til áhættu.


### Viðmið eignaflokka

Hver undireignaflokkur hefur sína viðmiðunarvísitölu og er árangur og flökt hvers flokks borin reglulega saman við árangur og flökt viðmiðs. Viðmiðunarvísitölur eignaflokka er að finna í töflu.

### Fjárfestingarstefna 2025 og eignastaða við árslok 2024

■ Staða í árslok 2024  
■ Fjárfestingarstefna 2025

#### Samtryggingardeild



Eignaflokkur	Vísitala	Auðkenni
Lausafé	Hagkvæmustu vextir sem Lífsverk býðst á innlánsreikningum lánastofnana hverju sinni	-
Ríkisskuldabréf	Markaðsvegin vísitala ríkisskuldabréfa OMX	NOMXIBB
Fyrirtækjaskuldabréf	Vísitala fyrirtækjaskuldabréfa	KVIKAc
Skuldabréf lánastofnana	Vísitala sértryggðrar útgáfu bankastofnana	KvikaAcb
Skuldabréf sveitarfélaga	Skuldabréfavisitala sveitarfélaga og opinberra fyrirtækja	KVIKAp
Veðskuldabréf	Kaupkrafta safns við áramót 2024/2025	-
Erlend skuldabréf	Heimsvísitala skuldabréfa Bloomberg Global Aggregate Total Return Index	LEGATRUU
Innlend hlutabréf	Heildarvísitala hlutabréfa OMX Iceland All-Share GI	OMXIGI
Erlend hlutabréf	Heimsvísitala hlutabréfa MSCI All Country World Index	NDUEACWF

## ► Tryggingafræðileg staða


Tryggingafræðileg athugun er gerð af tryggingastærðfræðingi sjóðsins. Í henni felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda, sem metið er samkvæmt tryggingafræðilegri aðferð, við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfsemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikmörk fyrir þann mun sem leyfilegur er milli eignaliða og skuldbindinga án þess að gera þurfi nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Ef munur eigna og skuldbindinga fer upp fyrir 10% eða helst meiri en 5% samfelld í 5 ár þarf samkvæmt lögum að skerða eða auka réttindi sjóðfélaga.

Útreikningur á tryggingafræðilegri stöðu í lok árs 2024 byggir á reiknilíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um lækkun aldursbundinnar dánartíðni þegar horft er til framtíðar. Eru þetta sömu forsendur og notaðar voru við tryggingafræðilega athugun síðustu tveggja ára. Er nú byggt á spá um lífslíkur en ekki sögulegum gögnum eins og líkurnar voru áður byggðar á. Sú breyting er þó gerð nú að nýr örorkugrunnur miðað við reynslu árunna 2018 – 2023 er lagður til grundvallar og nýjar forsendur gerðar um giftingarlíkur og fjölda barna.


Heildarstaða sjóðsins batnar milli ára, er neikvæð um 2,7% samanborið við -4,0% í lok fyrra árs. Þessi breyting skýrist fyrst og fremst af góðri ávöxtun sjóðsins, sem er umfram þau viðmið sem tryggingafræðileg athugun miðar við. Breyttar forsendur hafa jafnframt jákvæð áhrif á heildarstöðuna. Staða áfallinna skuldbindinga í árslok er neikvæð um 5,0% samanborið við 6,9% neikvæða stöðu í árslok 2023 en staða framtíðarskuldbindinga jákvæð um 2,4% samanborið við 2,2% jákvæða stöðu í lok fyrra árs.

Samkvæmt samþykktum sjóðsins þarf að gæta þess að réttindatöflur endurspegli sanngjarna réttindaávinnslu og því þarf að leiðrétta réttindatöflur ef munur á verðmæti iðgjalda og framtíðarskuldbindinga fer umfram tiltekin mörk, sem eru meira en 3% eða minna en -1%. Í lok árs 2024 er staða framtíðarskuldbindinga innan þessara marka og því þarf ekki að gera breytingar á réttindatöflum.

### Tryggingafræðileg staða



### Mismunur heildareigna og heildarskuldbindinga



## ► Sjóðfélagalán


Sjóðfélagar hafa lánsrétt hjá sjóðnum en þurfa að greiða lágmarksiðgjald á ári til að njóta bestu lána kjara. Hámarksfjárhæð grunnlána er 70 m.kr. og viðbótarlána 70 m.kr. Sjóðfélagar geta því tekið allt að 140 m.kr. lán hjá sjóðnum. Lágmarkslán er 2 m.kr. Heimilt er að taka fleiri en eitt grunnlán og viðbótarlán upp að þessum mörkum svo fremi að veðhlutfall leyfi en lánað er upp að 65% af markaðsvirði fasteignar samkvæmt nýlegum kaupsamningi. Miðað er við gildandi fasteignamat við endurfjármögnun. Lánstími er frá 5 – 40 árum. Ekkert uppgreiðslugjald er á lánunum og lántakendur geta greitt inn á höfuðstól lána að vild.

Sjóðfélögum, sem eru að kaupa sína fyrstu eign, gefst kostur á láni upp að 85% veðhlutfalli af söluvirði samkvæmt kaupsamningi. Með því vill stjórn sjóðsins sérstaklega koma til móts við þá sjóðfélaga sem eru að kaupa sína fyrstu fasteign. Sjóðfélagar geta valið milli verðtryggðra lána með breytilegum eða föstum vöxtum, eða óverðtryggðra lána með breytilegum vöxtum.


Mikil ásókn hefur verið í lán hjá sjóðnum og nema sjóðfélagalán í lok árs 19,5% af heildareignum samtryggingardeildar, samanborið við 19,1% í lok fyrra árs. Í ljósi þess hve sjóðfélagalán vega þungt í eignasafni sjóðsins voru lánareglur þrengdar á árinu þannig að eingöngu er lánað vegna fasteignaviðskipta eða endurfjármögnunar eldri lána hjá sjóðnum. Sem fyrr er fyrstu kaupendum boðin lán með 85% veðhlutfalli. Sjóðurinn hefur frá upphafi verið þekktur fyrir hagstæð lán til sjóðfélaga og hefur ekki orðið breyting á þeirri stefnu. Litið er á þær ráðstafanir nú að þrengja lánareglur sem tímabundnar.

Heildarfjárhæð nýrra sjóðfélagalána nam 7.610 m.kr. samanborið við 10.052 m.kr. á árinu 2023 og lækkar um 24,3%. Heildarfjárhæð sjóðfélagalána í árslok 2024 nam 29.325 m.kr. í samanburði við 25.636 m.kr. í árslok 2023.

### Ný sjóðfélagalán



### Staða sjóðfélagalána í lok árs





## ► Verðbréfaeign og fjárfestingar

### Verðbréfaeign


Alls nam verðbréfaeign og handbært fé samtryggingardeildar 148.301 m.kr. í lok árs 2024 en var 133.637 m.kr. í lok ársins 2023, sem er aukning um 11,0% milli ára. Hrein eign samtryggingardeildar var 150.256 m.kr. í árslok 2024 í samanburði við 134.097 m.kr. árið áður og hafði aukist 12,1%.

Lausafé var 4,2% af verðbréfaeign í árslok 2024. Samtals voru innlend skuldabréf 45,8% þar af voru veðskuldabréf 25,1% og önnur innlend skuldabréf voru 20,7%. Erlend skuldabréf vógu 3,8%. Samtals voru skuldabréf 49,6% af verðbréfaeign. Innlend hlutabréf voru 20,9%, og erlend hlutabréf voru 25,3%, samtals vógu hlutabréf 46,2% af verðbréfaeign samtryggingardeildar. Vægi skuldabréfa dróst saman milli ára og vægi hlutabréfa jókst auk þess sem að hlutfall innlendra hlutabréfa lækkaði og erlendra hækkaði.

Hlutfall erlendra eigna samtryggingardeildar í erlendum gjaldmiðlum nam 31,4% í árslok samanborið við 30,3% í árslok 2023. Meirihluti eigna samtryggingardeildar var í íslenskum krónum eða um 68,6% eigna. Eignir í erlendum myntum voru í dollar og evrum en aðrar myntir voru hverfandi. Rétt er þó að minna á að gjaldmiðlaskipting undirliggjandi eigna erlendis er önnur en þessi skipting gefur til kynna.


### Eignir í erlendri mynt og íslenskum krónum í árslok 2024 og 2023

Samtryggingardeild




### Verðbréfaeign í árslok 2024 og 2023

Samtryggingardeild



### Skipting eigna eftir gjaldmiðlum í árslok 2024

Samtryggingardeild



# ▶ Verðbréfaeign og fjárfestingar

## Fjárfestingar


Samtryggingardeild Lífsverks fjárfesti samtals fyrir 21.705 m.kr. á árinu 2024 en seldi verðbréf eða fékk afborganir af skuldabréfum fyrir 21.193 m.kr., nettó fjárfestingar voru því 512 m.kr. Mest viðskipti voru með veðskuldabréf, innlend skuldabréf, innlend og erlend hlutabréf á árinu. Veðskuldabréf, sem samanstanda af sjóðfélagalánum og öðrum veðlánum, voru með nettó innstreymi þar sem töluverð eftirspurn eftir

sjóðfélagalánnum var á árinu sem þó dró úr eftir því sem leið á árið. Nettó ústreymi var í innlendum hlutabréfum sem m.a. tengist uppgjöri á yfirtöku JBT á Marel en sú eign taldist til lausafjár um áramót. Nettó innstreymi var í erlendum hlutabréfum þar sem áhersla var á að auka erlenda hlutabréfaeign.

## Kaup og sala á árinu 2024

Samtryggingardeild


■ Sala/afborgun  
■ Kaup



## Nettó fjárfestingar á árinu 2024

Samtryggingardeild


■ Nettó



## ► Helstu eignaflokkar

Verðbréfasafn samtryggingardeildar Lífsverks samanstendur af fjölda eigna sem eru í mismunandi eignaflokkum. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um helstu eignaflokka í safninu sem eru innlend skuldabréf, innlend hlutabréf og erlend hluta- og skuldabréf sem fjallað verður um sameiginlega undir erlendum verðbréfum.


### Skipting innlends skuldabréfasafns í árslok 2024 Samtryggingardeild



### Innlend hlutabréf

Virði innlends hlutabréfasafns nam 31.015 m.kr. í árslok 2024 eða 20,9% af heildarsafni. Innlent hlutabréfasafn er að mestu í skráðum hlutabréfum á Aðallista Nasdaq Iceland. Stærstu einstöku eignirnar eru Íslandsbanki, Arion banki og Hampiðjan. Óskráð hlutabréfaeign er að mestu í framtaks-,


### Skipting innlends hlutabréfasafns í árslok 2024 Samtryggingardeild



### Innlend skuldabréf


Safn innlendra skuldabréfa nam samtals 67.904 m.kr. í árslok 2024 eða 45,8% að heildarsafni. Sjóðfélagalán eru stærsti hluti safns innlendra skuldabréfa og þar á eftir eru ríkisskuldabréf. Skuldabréf með ábyrgð ríkisins eru langstærsti einstaki útgefandi í safni skuldabréfa samtryggingardeildar Lífsverks en þar á eftir eru það Orkuveita Reykjavíkur og Lánasjóður sveitarfélaga.

### Innlent skuldabréfasafn, stærstu útgefendur í árslok 2024 [% af verðbréfaeign] Samtryggingardeild



nýsköpunar- og innviðasjóðum og í félögum utan um einstakar fjárfestingar á innlendum markaði. Auk þess á sjóðurinn í nokkrum einstökum óskráðum hlutabréfum.

### Innlent hlutabréfasafn, stærstu eignir í árslok 2024 [% af verðbréfaeign] Samtryggingardeild




## Erlend verðbréf


Erlend verðbréf eru erlend hluta- og skuldabréf og nam samtals virði þeirra eigna 43.145 m.kr. í árslok 2024 eða 29,1% af heildarsafni. Þessi eignaflokkur er að meginupplagi skráðir erlendir hlutabréfasjóðir. Stærstu eignir eru sérgreint sjóðastýringarsafn hjá GAM sem í eru 10 hlutabréfa- og kauphallarsjóðir, UFS vísitölusjóðir hjá Vanguard og State Street,

LGT Sustainable Equity Fund auk sérgreinds UFS safns erlendra hlutabréfa. Óskráð hlutabréf eru aðallega í framtaks-, innviða- og fasteignasjóðum. Skuldabréf eru einnig að mestu í skráðum sjóðum en sjóðurinn á einnig í óskráðum skuldabréfasjóðum.

## Skipting erlends verðbréfasafns í árslok 2024 Samtryggingardeild



## Erlend verðbréfasafn, stærstu skráðu eignir í árslok 2024 [% af verðbréfaeign] Samtryggingardeild




## Ávöxtun eignaflokka

Árið 2024 var lengst af nokkuð krefjandi á flestum verðbréfamörkuðum heims þó síðustu mánuði ársins hafi rofað til svo um munaði á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum. Hrein nafnávöxtun samtryggingardeildar Lífsverks á árinu 2024 var jákvæð um 9,9%. Nafnávöxtun safns erlendra hlutabréfa var jákvæð um 14,5%, mælt í íslenskum krónum. Nafnávöxtun safns innlendra hlutabréfa var 10,5% á árinu.

Erlend skuldabréf voru með 6,3% ávöxtun mælt í íslenskum krónum. Innlend skuldabréf skiluðu jákvæðri nafnávöxtun, á bilinu 7,8% til 9,3%. Þess ber að geta að stór hluti eignasafns Lífsverks í skuldabréfum er gerður upp á kaupkröfu og breytingar á ávöxtunarkröfu hafa því takmörkuð áhrif á skuldabréfasafn sjóðsins.

## Nafnávöxtun eignaflokka á árinu 2024 Samtryggingardeild



## ► Séreignardeild og tilgreind séreignardeild

Öllum er heimilt að greiða viðbótarlífeyrissparnað til séreignardeildar Lífsverks með gerð samnings þar um. Erfitt er að finna sparnaðarform sem stenst samanburð við viðbótarlífeyrissparnað.

Í maí 2014 voru samþykkt lög á Alþingi sem heimila skattfrjálsa ráðstöfun iðgjalda séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána eða til húsnæðiskaupa. Heimildin var upphaflega tímabundin til 30. júní 2019 en hefur verið framlengd, nú síðast til ársloka 2025. Lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð voru samþykkt á Alþingi í október 2016. Samkvæmt þeim má nýta séreignarsparnað skattfrjálst í allt að 10 ár vegna fyrstu kaupa, sem hluta af útborgun og síðan greiðslur inn á höfuðstól verðtryggðra lána eða inn á afborganir og höfuðstól óverðtryggðra lána.

Þegar valin er blönduð leið hjá sjóðnum greiðast 10% af skylduiðgjaldi í samtryggingardeild en það sem umfram er rennur til séreignar viðkomandi sjóðfélaga. Frá 1. janúar 2023 er skylduiðgjald 15,5% samkvæmt lögum. Með því að velja blönduðu leiðina gefst sjóðfélögum aukid svigrúm til úttektar á lífeyri og meiri sveigjanleiki við starfslok. Þannig er heimilt samkvæmt lögum að hefja úttekt á séreignarsparnaði við 60 ára aldur með eingreiðslu eða jöfnum greiðslum yfir tiltekið tímabil. Úttektarmörk tilgreindrar séreignar eru miðuð við 62 ára aldur og þarf að dreifa greiðslum til 67 ára aldurs. Séreign erfist við fráfall sjóðfélaga og ef erfingjar eru maki eða börn greiðist enginn erfðafjárskattur.

Sjóðfélagar geta fært séreign á milli ávöxtunarleiða sjóðsins endurgjaldslausu eða ákveðið að breyta um ávöxtunarleið sem greitt er til með því að fylla út beiðni þar um. Við hvetjum sjóðfélaga til þess að skoða áhættuþol sitt sem getur breyst með hækkandi aldri og þegar nær dregur töku lífeyris. Sjóðfélögum er velkomið að hafa samband við starfsmenn sjóðsins til að fara yfir áhættustig og eignasamsetningu séreignarleiðanna.

Lífsverk 1 inniheldur hæsta hlutfall hlutabréfa og er því áhættumest. Lífsverk 2 inniheldur lægra hlutfall hlutabréfa en Lífsverk 1 og er því áhættuminni. Lífsverk 3 inniheldur ekki nein hlutabréf og er því áhættuminnsta leiðin. Allar ávöxtunarleiðir skiluðu jákvæðri nafn- og raunávöxtun á árinu 2024.

### Lífsverk 1

Hrein nafnávöxtun Lífsverks 1 var 12,2% og hrein raunávöxtun 7,0%. Hrein eign í árslok var 6.818 m.kr. og jókst um 25,6% á milli ára. Iðgjöld námu 808 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 75 m.kr. Alls greiddu 897 sjóðfélagar að jafnaði iðgjald í leiðina á árinu og 26 fengu greiddan lífeyri.


### Lífsverk 2

Hrein nafnávöxtun Lífsverks 2 var 10,3% og hrein raunávöxtun 5,3%. Hrein eign í árslok nam 31.923 m.kr. og hækkaði um 17,0% á milli ára. Iðgjöld námu 2.423 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 566 m.kr. Alls greiddu 2.732 sjóðfélagar að jafnaði iðgjald í leiðina á árinu og 216 fengu greiddan lífeyri.

### Lífsverk 3

Hrein nafnávöxtun Lífsverks 3 var 8,1% og hrein raunávöxtun 3,2%. Hrein eign í árslok var 1.122 m.kr. og hafði hækkað um 18,4% frá árslokum 2023. Iðgjöld námu 117 m.kr., lífeyrisgreiðslur voru 22 m.kr. Alls greiddu 169 sjóðfélagar að jafnaði iðgjald í leiðina á árinu og 13 fengu greiddan lífeyri.

### Hrein nafn- og raunávöxtun árið 2024




# ► Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna séreignarleíða tekur mið af áætluðum fjárfestingartíma sjóðfélaga í hverri leið. Meirihluti yngri sjóðfélaga er í Lífsverki 1 og 2 og þar gefst því aukid rými til fjárfestinga í eignum sem gefa meira af sér til lengri tíma. Hlutfallslegur aldur sjóðfélaga í Lífsverki 3 er hærri heldur en í


hinum leiðunum og þar af leiðandi eru fjárfestingar hugsaðar til skemmri tíma. Fjárfestingarstefna séreignarleíðanna kveður á um eignasamsetningu verðbréfa eftir helstu eignaflokkum með ákveðnum vikmörkum.

Fjárfestingarstefna 2025  
Lífsverk 1




Þegar borin er saman eignasamsetning Lífsverks 1 í lok árs 2024 við fjárfestingarstefnu fyrir árið 2025 sést að auka skal hlutfall hlutabréfa með áherslu á erlend hlutabréf. Innlán eru umfram stefnu m.v. árslok sem eru tímabundnar aðstæður. Samsetning

Fjárfestingarstefna 2025 og eignastaða við árslok 2024  
Lífsverk 1




verðbréfasafns Lífsverks 1 við árslok 2024 var innan vikmarka fjárfestingarstefnu. Hlutfall erlendra eigna er undir stefnu við árslok 2024 og markmið til lengri tíma er að auka enn vægi erlendra eignaflokka.

Fjárfestingarstefna 2025  
Lífsverk 2



Fjárfestingarstefna 2025 og eignastaða við árslok 2024  
Lífsverk 2




## ► Fjárfestingarstefna [frh]

Þegar borin er saman eignasamsetning Lífsverks 2 í lok árs 2024 við fjárfestingarstefnu fyrir árið 2025 sést að auka skal hlutfall hlutabréfa með áherslu á erlend hlutabréf. Innlán eru umfram stefnu m.v. árslok sem eru tímabundnar aðstæður. Samsetning

verðbréfasafns Lífsverks 2 við árslok 2024 var innan vikmarka fjárfestingarstefnu. Hlutfall erlendra eigna er undir stefnu við árslok 2024 og markmið til lengri tíma er að auka enn vægi erlendra eignaflokka.


### Fjárfestingarstefna 2025 Lífsverk 3



Þegar borin er saman eignasamsetning Lífsverks 3 í lok árs 2024 við fjárfestingarstefnu fyrir árið 2025 sést að auka skal hlutdeild skuldabréfa lánastofnana, sveitarfélaga og fyrirtækja

### Fjárfestingarstefna 2025 og eignastaða við árslok 2024

Lífsverk 3



á kostnað ríkisskuldabréfa. Samsetning verðbréfasafns Lífsverks 3 við árslok 2024 var innan vikmarka fjárfestingarstefnu.

# ► Verðbréfaeign


Hrein eign séreignardeilda Lífsverks lífeyrissjóðs var 39.862 m. kr. í árslok 2024 í samanburði við 33.862 m.kr. árið áður og hafði aukist um 18,4%. Lífsverk 2 var stærst ávöxtunarleiða eða 80,1% eignar og nam eign í árslok 31.923 m.kr. og jókst um 17,0% á milli ára. Fyrir Lífsverk 1 var hrein eign í árslok 6.818 m.kr. og hafði aukist um 25,6% á milli ára. Lífsverk 3 var með hreina eign í árslok uppá 1.122 m.kr. og hafði stækkað um 18,4% frá árslokum 2023.

## Lífsverk 1

Lausafé var 9,2% af eign í árslok 2024. Samtals voru innlend skuldabréf 39,2%, þar af voru ríkisskuldabréf 11,4%, skuldabréf lánastofnanna 11,2% og önnur innlend skuldabréf vógu 16,6%. Erlend skuldabréf vógu 4,1%. Samtals voru skuldabréf 43,2% af eign. Innlend hlutabréf voru 20,6%, og erlend hlutabréf voru 26,9%, samtals vógu hlutabréf 47,5% af Lífsverki 1 við árslok 2024.


## Verðbréfaeign í árslok 2024

### Lífsverk 1




## Fimm stærstu útgefendur skuldabréfa, skuldabréfa- og lausafjár sjóða við árslok 2024

Lífsverk 1 [% af verðbréfaeign]



## Fimm stærstu eignir í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum við árslok 2024


Lífsverk 1 [% af verðbréfaeign]



## Hrein eign síðustu 5 ára

### Séreignardeildir

ma.kr.






## ► Verðbréfaeign (frh)

### Lífsværk 2

Lausafé var 8,0% af eign í árslok 2024. Samtals voru innlend skuldabréf 56,4%, þar af voru ríkisskuldabréf 17,5%, skuldabréf lánastofnanna 16,0% og önnur innlend skuldabréf vógu 22,9%. Erlend skuldabréf vógu 6,1%. Samtals voru skuldabréf 62,5% af eign. Innlend hlutabréf voru 13,4%, og erlend hlutabréf voru 16,0%, samtals vógu hlutabréf 29,4% af Lífsverki 2 við árslok 2024.


### Verðbréfaeign í árslok 2024

#### Lífsværk 2




### Fimm stærstu útgefendur skuldabréfa, skuldabréfa- og lausafjárjóstja við árslok 2024

#### Lífsværk 2 [% af verðbréfaeign]



### Fimm stærstu eignir í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum við árslok 2024

#### Lífsværk 2 [% af verðbréfaeign]




## ► Verðbréfaeign [frh]

### Lífsværk 3

Lausafé var 10,2% af eign í árslok 2024. Samtals voru innlend skuldabréf 87,7%, þar af voru ríkisskuldabréf 50,1%, skuldabréf lánastofnanna 22,0% og önnur innlend skuldabréf vógu 15,6%. Erlend skuldabréf vógu 2,1%. Samtals voru skuldabréf 89,8% af eign Lífsverks 3 við árslok 2024.


### Verðbréfaeign í árslok 2024

Lífsværk 3



### Fimm stærstu útgefendur skuldabréfa, skuldabréfa- og lausafjársgjóða við árslok 2024

Lífsværk 3 [% af verðbréfaeign]



## ► Gagnsæi og nýliðun


### Nýir sjóðfélagar

Undanfarin ár hefur það verið forgangsmál hjá sjóðnum að ná til nýrra sjóðfélaga, kynna þeim sérstöðu sjóðsins og hlusta á kröfur yngri kynslóða. Stefna um ábyrgar fjárfestingar, aukid gagnsæi og heidarleiki eru þær kröfur sem ekki aðeins ungir sjóðfélagar gera til síns sjóðs heldur einnig þeir eldri. Til að mæta þeim kröfum hefur Lífsverk bætt upplýsingaflæði á síðustu árum, m.a. með því að;


- birta í ársreikningi mun meiri sundurliðun á eignasafni sjóðsins en krafa er um samkvæmt lögum
- uppfæra stefnu um ábyrgar fjárfestingar og setja markmið í umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum
- gefa upp hvernig við nýtum atkvæðisrétt Lífsverks á aðalfundum skráðra hlutafélaga
- bæta upplýsingaaðgengi á vefnum

Lífsverk er eini lífeyrissjóðurinn á Íslandi sem eingöngu er opinn háskólamenntuðum og nemendum í háskólanámi þó að allir geti greitt til séreignarleida sjóðsins. Af sögulegum ástæðum koma flestir sjóðfélagar úr röðum verkfræðinga eða raungreinafólks en sjóðfélagar úr öðrum námsgreinum sækja stöðugt í sig veðrið, einkum úr viðskipta- og hagfræðigreinum og lögfræði. Nýir sjóðfélagar koma fæstir af menntavísinda- og hugvísindasviði. Eðli máls samkvæmt þá er hlutfall karla yfirgnæfandi í hópi eldri sjóðfélaga og í hópi ellilífeyrisþega eru 91% karlar. Hluttur kvenna hefur hins vegar aukist jafnt og þétt síðustu ár. Í hópi nýrra sjóðfélaga á árinu 2024 eru 41% konur.

### Hlutfall nýrra sjóðfélaga eftir námsgreinum 2024



### Nýir sjóðfélagar, þróun umsókna



## ► Samfélagsleg ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar

Stefna Lífsverks lífeyrissjóðs um ábyrgar fjárfestingar skilgreinir sjálfbærni viðmið í fjárfestingum og áhættustýringu sjóðsins, m.a. í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Það er mat stjórnar að fjárhagsleg og ábyrg markmið fari saman og stuðli í sameiningu að bættum hag sjóðfélaga og gildir stefnan um fyrirtæki og aðra útgefendur fjármálagerninga í samtryggingardeild og séreignardeildum sjóðsins. Við mat á sjálfbærni horfir sjóðurinn til viðmiða um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS viðmið) og koma þau á margþættan hátt inn í ákvarðanatöku og áhættumat sjóðsins. Til að skerpa á mikilvægi eftirfylgni með sjálfbærni viðmiðum í fjárfestingum sjóðsins þá er hluthafastefna sjóðsins hluti af stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Stefna um ábyrgar fjárfestingar er til á íslensku og ensku og birt á vefsíðu sjóðsins.

Lífsverk er aðili að samkomulagi við PRI (e. Principles for Responsible Investments) og hefur þar með samþykkt að fylgja sex meginreglum samtakanna. Lífsverk hefur ásamt 12 öðrum íslenskum lífeyrissjóðum skuldbundið sig á vettvangi Climate Investment Coalition (CIC) til að fjárfesta 580 ma.kr. í græn verkefni fyrir árið 2030 sem mun styðja við markmið Parísarsamkomulagsins og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Sjóðurinn er á meðal stofnaðila IcelandSIF, íslenskra samtaka með þann tilgang að efla þekkingu fjárfesta á aðferðafræði sjálfbærra og ábyrgra fjárfestinga og auka umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar. Þá er Lífsverk aðili að Festu, miðstöð um sjálfbærni, frá árinu 2020.


Framkvæmd og umfjöllun um ábyrgar fjárfestingar fyrir árið 2024 er í samræmi við stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar. Stefnan var fyrst samþykkt af stjórn árið 2023 og aftur í ágúst 2024 en aðeins var þá um léttvæga uppfærslu stefnunnar að ræða svo umfjöllun er í meginatriðum sambærileg við umfjöllun síðasta árs. Lífsverk leggur áherslu á gagnsæi um kolefnisspor eignasafns og vill vinna með fyrirtækjum og samstarfsaðilum við að tryggja gæði gagna og aðferðafræði við útreikninga á kolefnisspori. Markmið til skemmri tíma er að ná utan um upplýsingar um kolefnislosun í innlendu og erlendu eignasafni, þ.e. umfang 1, 2 og helstu þáttum 3, á liðnu fjárhagsári. Innlend fyrirtæki eru enn að skila inn upplýsingum um kolefnisspor sitt svo nú við útgáfu ársskýrslu Lífsverks liggur ekki fyrir heildstæð mynd af umfangi kolefnislosunar eignasafns sjóðsins fyrir árið 2024. Vonir standa til að þegar Lífsverk gefur út skýrslu um ábyrgar fjárfestingar síðar á árinu þá muni þær upplýsingar liggja fyrir, auk upplýsinga um kolefnisspor erlends eignasafns, sem verða þá birtar í skýrslu sjóðsins.

### Fjárfestingar og eignasafn á árinu 2024

Sjónarmið ábyrgra fjárfestinga koma fram í mati á nýjum fjárfestingakostum og eftirliti með fjárfestingum í safni sjóðsins.

Lífsverk gerðist aðili að PRI (e. Principles for Responsible Investment) árið 2017. Fyrstu skýrslu um eignasafn Lífsverks var skilað árið 2019 og skilaði Lífsverk skýrslu öðru sinni í apríl 2020. Árið 2021 og 2022 var ekki unnt að skila skýrslu vegna kerfisbreytinga hjá PRI. Árið 2023 var hægt að skila inn skýrslu með upplýsingum um eignastöðu m.v. árslok 2022, en ekki er hægt að sjá samanburð á milli ára vegna fyrrnefndra kerfisbreytinga en það breyttist við skil með upplýsingum um eignastöðu m.v. árslok 2023. Skýrsla PRI endurspeglar skuldbindingu og frammistöðu í tengslum við ábyrgar fjárfestingar. Einkunnargjöf PRI metur ýmsa þætti ábyrgra fjárfestinga, þar með talið hvernig sjóðurinn innleiðir viðmið fyrir umhverfis-, félags- og stjórnarhætti í ákvarðanatöku um fjárfestingar. PRI er stærsta samvinnuverkefni um upplýsingaöflun ábyrgra fjárfestinga í heimi.

### Einkunnargjöf PRI fyrir eignasafn Lífsverks árið 2023



## ► Samfélagsleg ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar (frh)

Í einkunnargjöf PRI kemur fram að Lífsverk stendur sig ágætlega í samanburði við aðra meðlimi PRI og bætir stöðu sína á flestum sviðum milli ára. Á myndinni sést að Lífsverk er með aðeins hærra meðaltal en PRI meðlimir þegar kemur að mati á stjórnarháttum og stefnu um ábyrgar fjárfestingar (e. Policy Governance and Strategy) en jafnstætt þegar um traust til aðferðafræði um ábyrgar fjárfestingar innan sjóðsins (e. Confidence building measures) er að ræða. Þegar kemur að einkunn PRI á einstökum eignaflokkum þá sést að einkunn skráðrar hlutabréfaeignar í hlutlausri stýringu (e. Listed equity – passive) og í virkri stýringu (e. Listed equity – active) er vel yfir meðaltali auk þess að um töluverða bætingu er að ræða milli ára. Einkunn sjóðsins í skuldabréfum í virkri stýringu (e. Fixed income – active) batnaði líka og er nú hærra en meðaltal en var jafnstæð meðaltali annarra meðlima PRI m.v. árið 2022. Lífsverk skráði ekki upplýsingar um aðra eignaflokka vegna stærðartakmarkana PRI. Markmið samkvæmt stefnu Lífsverks er að fylgja sex meginreglum PRI, enda leggja þær grunn að aðferðafræði Lífsverks við að samþætta sjálfbærni viðmið í ákvaðanaferli við fjárfestingar.


Græn skuldabréf eru hluti af safni Lífsverks, en það eru skuldabréf sem gefin eru út í þeim tilgangi að fjármagna framkvæmdir eða breytingar sem hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Slík skuldabréf eru vottuð fyrir útgáfu og lúta eftirliti yfir líftíma sinn. Í lok

árs 2024 voru græn skuldabréf 4,2% af hreinni eign sjóðsins en fyrir ári síðan var hlutfallið 4,7%. Hlutfall grænna skuldabréfa í fjárfestingarstefnu fyrir árið 2025 er 6,0%. Græn skuldabréf eru meginuppistaða í grænum fjárfestingum Lífsverks, en auk þeirra teljast tiltekna fjárfestingar í hlutabréfum til grænna fjárfestinga.

Lífsverk hefur innleitt UFS mat fyrir innlenda hluta eignasafnsins, rétt eins og þann erlenda, út frá UFS sjónarmiðum. Stuðst er við gögn frá Reitun við það mat, sem er greiningar- og matsfyrirtæki sem sérhæfir sig meðal annars í UFS mati fyrir innlenda fjármálamarkað.

Gerð var úttekt á völdum umhverfis-, félags- og stjórnarháttum (UFS) í samræmi við stefnu Lífsverks í ábyrgum fjárfestingum tengd útgefendum fjármálagerninga í innlendu verðbréfasafni sjóðsins. Niðurstöðu þess er að finna í myndum hér að neðan þar sem sjá má hlítni innlendra útgefenda fjármálagerninga við helstu stefnur tengt UFS málefnum fyrir 2024 og 2023.


### Hlítni innlendra útgefenda fjármálagerninga í verðbréfasafni Lífsverks við helstu UFS þætti árið 2024



## ► Samfélagsleg ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar (frh)

Hlítini innlendra útgefenda fjármálagerninga í verðbréfasafni Lífsverks við helstu UFS þætti árið 2023


Nei Já Ósvarað



UFS stig innlands verðbréfasafns samtryggingardeildar Lífsverks fyrir árin 2024 og 2023

2024 2023


Innlendar eignir samtryggingardeildar eru 68,6% heildareigna m.v. árslok 2024, þar af fá 56,3% af innlendum eignum UFS mat eða 38,6% af heildareignum samtryggingardeildar sjóðsins í samanburði við 40,8% eigna fyrir ári síðan. Niðurstaðan er að vegin heildar UFS stig innlendra eigna samtryggingardeildar Lífsverks er sú sama eða 80,0 fyrir árin 2024 og 2023. Skali stiga er frá 0 upp í 100. Matið hefur þrjú undirþætti, þar sem umhverfisþættir fá 80,3 stig, félagsþættir 82,6 og stjórnarhættir 78,7. Um örlitla hækkun er að ræða milli ára fyrir umhverfisþætti og stjórnarhætti en örlitla lækkun fyrir félagsþætti.



Innlendar eignir séreignarleiða Lífsverks 1, 2 og 3 eru 76,9% heildareigna m.v. vegið meðaltal þeirra við árslok 2024, þar af fá 56,3% af innlendum eignum UFS mat eða 43,3% af heildareignum séreignarleiða. Niðurstaðan er að vegið heildar UFS stig innlendra eigna séreignarleiða er 82,4 stig. UFS mat hinna þriggja undirþætta er að umhverfisþættir fá 83,0 stig, félagsþættir 84,5 og stjórnarhættir 81,9. Ekki er til mat fyrir 2023 tengt séreignarleidum.

UFS stig innlands verðbréfasafns séreignarleiða Lífsverks 1, 2 og 3 fyrir árið 2024


2024




Allt hlutlaust safn erlendra hlutabréfasjóða er í UFS vísitölusjóðum, auk þess er Lífswerk fjárfest í UFS útgáfu sérgreinds safns erlendra hlutabréfa og hluti virkra erlendra hlutabréfa- og skuldabréfasjóða eru sérstakir UFS sjóðir, t.d. LGT Sustainable Equity Fund og PIMCO Climate Bond Fund.

## ► Samfélagsleg ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar [frh]

UFS einkunn erlendra verðbréfasjóða samtryggingardeildar Lífsverks árin 2024 og 2023



UFS einkunn erlendra verðbréfasjóða séreignarleíða Lífsverks 1 og 2 árið 2024



Erlendur hluti eignasafns Lífsverks er metinn út frá UFS sjónarmiðum fyrir samtryggingardeild og nú einnig séreignarleidir sjóðsins. Annars vegar var gerð UFS samantekt á safni erlendra verðbréfa þar sem stuðst er við UFS matskerfi MSCI og hins vegar gerði LGT Capital Partners (LGT CP) UFS úttekt. LGT CP er sjóðastýringarhús með langa hefð í ábyrgum fjárfestingum þar sem Lífsverk er fjárfestur í einum UFS hlutabréfasjóði LGT.

Samtals eru 27 erlendir skráðir verðbréfasjóðir í eigu samtryggingardeildar Lífsverks, þar af eru 10 sem tilheyra sérgreindu safni í stýringu hjá GAM. Af þessum 27 sjóðum þá eru 25 sjóðir með A til AAA UFS einkunn frá MSCI sem er aukning um einn sjóð milli ára. AAA er hæsta UFS einkunnin sem MSCI gefur og B er sú lægsta. Einn sjóður fær B til BBB einkunn en einn sjóður er nú án einkunnar.


Ef horft er til eignaskiptingar erlendra verðbréfasjóða samtryggingardeildar þá eru 93,6% eigna samtryggingardeildar í erlendum verðbréfasjóðum með UFS einkunn á bilinu A til AAA m.v. árslok 2024 samanborðið við 93,8% eigna fyrir ári síðan.

Innan séreignarleíða Lífsverks þá er Lífsverk 1 með 9 og Lífsverk 2 með 10 erlendra skráða verðbréfasjóði. Allir þessi sjóðir eru með A til AAA UFS einkunn frá MSCI og þarf af leiðandi er 100% eigna beggja leiða innan þeirrar einkunnargjafar. Samanburður milli ára er ekki til.

Úttekt LGT gefur innsýn í erlent eignasafn sjóðsins, tekið út fyrir samtryggingardeild og nú einnig séreignarleidir. Helstu niðurstöður sýna að heildar UFS stig fyrir erlent verðbréfasafn samtryggingardeildar hefur hækkað örlítið milli ára.


UFS stig erlends verðbréfasafns Lífsverks árin 2024 og 2023

Samtryggingardeild



UFS stig erlends verðbréfasafns Lífsverks samanborðið við heimsvísitölu hlutabréfa árið 2024


Samtryggingardeild



## ► Samfélagsleg ábyrgð og ábyrgar fjárfestingar (frh)

### UFS stig erlends verðbréfasafns Lífsverks 1 og 2 árið 2024

Séreignarleiðir




Stjórnarhættir og félagsþættir hafa hækkað en umhverfisþættir lækkað. Þegar erlent verðbréfasafn samtryggingardeildar Lífsverks er borið saman við heimsvísitölu hlutabréfa þá kemur í ljós að eignasafn Lífsverks er með hærri heildarstig en vísitalan og með hærri stig í undirþáttum sem snúa að stjórnarháttum og félagsþáttum en lægra gagnvart umhverfisþáttum.

Fyrir séreignarleiðir sést að heildar UFS skor fyrir erlent verðbréfasafn er 65,0 fyrir Lífsvork 1 og 66,1 fyrir Lífsvork

### UFS stig erlends verðbréfasafns Lífsverks 1 og 2 samanborið við heimsvísitölu hlutabréfa árið 2024

Séreignarleiðir



2 m.v. árslok 2024 en það er ekki til samanburður milli ára. Þegar erlent verðbréfasafn Lífsverks 1 og 2 er borið saman við heimsvísitölu hlutabréfa þá kemur í ljós að eignasafn beggja leiða er með hærri heildarstig en vísitalan og með hærri stig í undirþáttum sem snúa að stjórnarháttum og félagsþáttum en lægra gagnvart umhverfisþáttum.



## ► Stjórn

Stjórn lífeyrissjóðsins er skipuð fimm aðalmönnum og jafnmörgum til vara, sem skipaðir eru til þriggja ára í senn. Tvö ár í röð eru tveir aðalmenn kosnir í rafrænu stjórnarkjöri og tveir varamenn á aðalfundi. Þriðja árið er einn aðalmaður kosinn í rafrænu kjöri og einn til vara á aðalfundi.

Á árinu 2025 ber að kjósa í rafrænum kosningum um einn aðalmann í stjórn til næstu þriggja ára, karl eða konu. Framboðsfresti til aðalstjórnar lauk 17. mars og bárust framboð frá Kristjáni Arinbjarnar, Margréti Elínu Sigurðardóttur, Pálmari Sveini Ólafssyni og Reyni Leví Guðmundssyni. Greint verður frá úrslitum stjórnarkjörs á aðalfundi sjóðsins.

Á árinu 2024 var engin breyting á stjórn sjóðsins. Eva Hlín Dereksdóttir hélt áfram stjórnarformennsku og Agnar Kofoed-Hansen sem varaformaður stjórnar.

### Í stjórn eru (kjörtímabili lýkur):

Eva Hlín Dereksdóttir, formaður (2027)  
Agnar Kofoed-Hansen, varaformaður (2027)  
Agni Ásgeirsson (2026)  
Georg Lúðvíksson (2025)  
Margrét Arnardóttir (2026)

### Varastjórnarmenn:

Gnýr Guðmundsson (2027)  
Halla Guðrún Jónsdóttir (2026)  
Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (2027)  
Þorbergur Steinn Leifsson (2026)

Stjórnin kom saman 15 sinnum á árinu 2024 og var full mæting á fundi stjórnar, nema í einu tilviki er stjórnarmaður boðaði forföll vegna veikinda.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar. Samkvæmt lögum um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóðir, starfrækja endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd hélt 3 fundi á árinu 2024 og mættu allir nefndarmenn á fundi hennar.

Í endurskoðunarnefnd starfsárið 2024 – 2025 eru:

Jóhann Þór Jóhannsson, formaður  
Margrét Arnardóttir  
Thomas Möller



Eva Hlín Dereksdóttir,  
stjórnarformaður



Agnar Kofoed-Hansen  
varaformaður



Agni Ásgeirsson



Georg Lúðvíksson



Margrét Arnardóttir

## ▶ Starfsmenn



Anna María Ágústsdóttir,  
sjóðstjóri í eignastýringu



Árni Grétarsson,  
fjármálastjóri



Eyrún Björnsdóttir,  
móttaka og iðgjaldaskráning



Elísabet Katrín Jósefsdóttir,  
verðbréfabókhald



Friðrik Sveinsson,  
sérfræðingur í eignastýringu



Eymundur Freyr Þórarinsson,  
sjóðstjóri í eignastýringu



Guðrún Inga Ingólfssdóttir,  
forstöðumaður eignastýringar



Herdís Óskarsdóttir,  
bókhald og lífeyrismál



Jón L. Árnason,  
framkvæmdastjóri



Linda Hrönn Hermannsdóttir,  
markaðs- og kynningarstjóri



Þorbjörn Sigurðsson,  
áhættustjóri



Þórhallur S. Barðason,  
verðbréfabókhald

### Starfsmenn:

Í árslok 2024 störfuðu 12 starfsmenn hjá sjóðnum:

Anna María Ágústsdóttir, sjóðstjóri í eignastýringu

Árni Grétarsson, fjármálastjóri

Eyrún Björnsdóttir, móttaka og iðgjaldaskráning

Elísabet Katrín Jósefsdóttir, verðbréfabókhald

Friðrik Sveinsson, sérfræðingur í eignastýringu

Eymundur Freyr Þórarinsson, sjóðstjóri í eignastýringu

Guðrún Inga Ingólfssdóttir, forstöðumaður eignastýringar

Herdís Óskarsdóttir, bókhald og lífeyrismál

Jón L. Árnason, framkvæmdastjóri

Linda Hrönn Hermannsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri

Þorbjörn Sigurðsson, áhættustjóri

Þórhallur S. Barðason, verðbréfabókhald

Í byrjun árs 2024 flutti sjóðurinn skrifstofu sína á Laugaveg 182. Þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum, sem eru hvattir til að leita til sjóðsins til ráðgjafar um lífeyris- eða lánamál eða annað sem snýr að rekstri sjóðsins. Skrifstofan er opin mánudaga - fimmtudaga frá kl. 9-16, föstudaga kl. 9-15. Einnig má senda erindi í tölvupósti á [lifsverk@lifsverk.is](mailto:lifsverk@lifsverk.is) eða hafa samband í síma 575-1000.



LÍFSVERK  
LÍFEYRISSJÓÐUR

# Ársreikningur 2024

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

## Um sjóðinn

Lífsværk lífeyrissjóður er opinn lífeyrissjóður háskólamenntaðra sem starfrækir samtryggingardeild og þrjár ávöxtunarleiðir í séreignardeild og tilgreindri séreignardeild. Allir sem hafa lokið grunnnámi úr háskóla eða eru í háskólanámi geta sótt um aðild að sjóðnum. Af skylduframlagi í lífeyrissjóðinn fara 10% af launum til samtryggingardeildar en það sem umfram er til séreignardeilda nema sérstaklega sé óskað eftir að stærri hluti eða allt skylduframlagið skuli fara í samtryggingardeildina. Í árslok 2024 nam hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris 190,1 milljörðum króna og hafði sjóðurinn þá vaxið um 13,3% á árinu.

## Afkoma

Nafn- og raunávöxtun var jákvæð í samtryggingardeild og séreignarleiðum sjóðsins á árinu. Í samtryggingardeild var ávöxtun umfram viðmið tryggingafræðilegrar athugunar og batnar tryggingafræðileg staða milli ára. Á fyrri hluta ársins var lækkun á innlendum hlutabréfamarkaði auk þess sem há verðbólga dró niður raunávöxtun tímabilsins. Horfur innanlands fóru batnandi er leið á árið en allt árið var hins vegar mikil hækkun á erlendum hlutabréfamörkuðum sem hafði góð áhrif á niðurstöðu ársins. Nafnávöxtun samtryggingardeildar Lífsverks var 9,9% og hrein raunávöxtun 4,9%. Síðastliðin fimm ár er hrein raunávöxtun samtryggingardeildar 2,9% og 3,9% síðastliðin tíu ár. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris í árslok nam 150.256 m.kr. og hækkaði um 12,1% á milli ára.

Nafnávöxtun Lífsverks 1 var 12,2% og hrein raunávöxtun 7,0%. Hrein eign í árslok var 6.818 m.kr. og jókst um 25,6% á milli ára. Nafnávöxtun Lífsverks 2 var 10,3% og hrein raunávöxtun 5,3%. Hrein eign í árslok nam 31.923 m.kr og hækkaði um 17,0% á milli ára. Nafnávöxtun Lífsverks 3 var 8,1% og hrein raunávöxtun 3,2%. Hrein eign í árslok var 1.121 m.kr. og hafði hækkað um 18,0% frá árslokum 2023.

Erlend hlutabréf var sá eignaflokkur sem gaf bestu ávöxtun á árinu eins og undangengið ár en innlend skráð hlutabréf tóku einnig vel við sér á seinni hluta ársins. Bandaríska hlutabréfavisitalan S&P500 hækkaði um 23,2% mælt í Bandaríkjadal. Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI World) hækkaði einnig verulega, eða um 18,7% og hlutabréfavisitala Evrópu, (MSCI Europe) hækkaði um 5,8%. Á innlendum markaði hækkaði heildarvísitala Nasdaq Íceland (OMXIGI) um 14,7%. Innlendar skuldabréfavisitölur hækkuðu um 7,3% - 9,8% á árinu en heimsvísitala skuldabréfa (Global Agg) lækkaði aftur á móti um 1,7%. Vísitala neysluerðs til verðtryggingar hækkaði um 4,8% á árinu. Gengisvísitala krónunnar lækkaði um 3,8% á árinu, krónan styrktist um 4,4% gagnvart Evru en lækkaði um 1,5% gagnvart Bandaríkjadal.

## Iðgjöld og lífeyrir

Samanlögð iðgjöld ársins 2024 námu 9.010 m.kr. og námu samanlagðar lífeyrisgreiðslur 3.547 m.kr. Hlutfall lífeyris af samanlögðum iðgjöldum var 39,4%.

Iðgjöld í samtryggingardeild voru 5.662 m.kr. og hækkuðu um 7,8% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.526 og jókst um 2,8% frá fyrra ári. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 842 og jókst um 12,9% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur voru 2.885 m.kr og hækkuðu um 23,8% frá fyrra ári. Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum var 50,9% samanborið við 44,4% í lok fyrra árs. Lífeyrisbyrði sjóðsins hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár en þrátt fyrir það er hlutfall lífeyris af iðgjöldum lágt.

Iðgjöld í séreignardeild námu 3.348 m.kr. Er það hækkan um 7,7% frá fyrra ári. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.798 og jókst um 2,5% frá fyrra ári. Fjöldi lífeyrisþega var 255 og lífeyrisgreiðslur voru 662 m.kr. eða sem nemur 19,8% af iðgjöldum.

## Tryggingafræðileg staða

Úttekt á tryggingafræðilegri stöðu í lok árs 2024 er byggð á sömu forsendum um dánar- og lífslíkur og undanfarin ár en nýr örorkugrunnur miðað við reynslu 2018 – 2023 er lagður til grundvallar og nýjar forsendur um giftingarlíkur og fjölda barna. Heildarstaða sjóðsins batnar milli ára, er neikvæð um 2,7% en var neikvæð um 4,0% í lok fyrra árs. Staða áfallinna skuldbindinga er neikvæð um 5,0% samanborið við 6,9% neikvæða stöðu í lok fyrra árs en staða framtíðarskuldbindinga er jákvæð um 2,4% samanborið við 2,2% í lok fyrra árs. Heildarstaða er innan marka laga sem kveða á um að ef munur milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er meiri en 10% eða hefur haldist meiri en 5% samfelld í fimm ár beri að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum til að auka eða skerða réttindi sjóðfélaga. Staða framtíðarskuldbindinga er innan marka samkvæmt ákvæðum samþykpta sjóðsins, sem kveður á um að þau skuli ekki vera meira en 3% eða minna en -1% en að öðrum kosti þurfi að breyta réttindatöflum til að endurspeglja sanngjarna réttindaávinnslu.

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, framhald.:

### Rekstur

Í lok árs 2024 störfuðu tólf starfsmenn hjá sjóðnum og að meðaltali voru 10,9 stöðugildi á árinu samanborið við 10 stöðugildi á árinu 2023. Fjölgun starfsmanna skýrist af því að á miðju ári tók sjóðurinn yfir rekstur séreignarleiða sem áður hafði verið útvistað. Þessi breyting þýðir einnig tilfærslu milli fjárfestingargjalda vegna útivistunar og skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar. Heildarfjárhæð launa og launatengdra gjalda á árinu hækkar um 9,5% í 283,4 m.kr en var 258,8 m.kr. árið 2023. Laun framkvæmdastjóra, forstöðumanns eignastýringar, stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar voru 80,4 m.kr. samanborið við 73,8 m.kr. árið 2023. Þóknun til endurskoðenda og tryggingastærðfræðings nam 13,3 m.kr. samanborið við 15,0 m.kr. á fyrra ári. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 8,0% milli ára en hann var 438,0 m.kr. á árinu samanborið við 405,6 m.kr. árið 2023. Í janúar 2024 flutti sjóðurinn í nýtt húsnæði að Laugavegi 182 sem óhjákvæmilega hafði í för með sér hækkan húsnæðiskostnaðar. Nýtt húsnæði hentar starfsemi sjóðsins betur og þar er góð aðstaða til að taka á móti sjóðfélögum.

Hlutfall rekstrarkostnaðar af meðalstöðu eigna var 0,25% samanborið við 0,28% árið 2023. Tekist hefur að halda kostnaðarhlutfalli í horfinu undanfarin ár þrátt fyrir auknar kröfur sem gerðar eru til starfsemi lífeyrissjóða með tilheyrandi kostnaðaraukningu, en stækkun sjóðsins vegur þar upp á móti.

### Sjóðfélagalán

Heildarfjárhæð nýrra sjóðfélagalána á árinu var 7.610 m.kr. og lækkaði um 24,3% frá árinu áður en þá voru heildarlánveitingar 10.052 m.kr. Mikil ásókn hefur verið í lán hjá sjóðnum og nema sjóðfélagalán í lok árs 19,5% af heildareignum samtryggingardeildar samanborið við 19,1% í lok fyrra árs. Í ljósi þess hve sjóðfélagalán vega þungt í eignasafni sjóðsins voru lánareglur þrengdar á árinu þannig að eingöngu er lánað vegna fasteignaviðskipta eða endurfjármögnunar eldri lána hjá sjóðnum. Sem fyrr er fyrstu kaupendum boðin lán með allt að 85% veðhlutfalli. Það er stefna sjóðsins að bjóða áfram hagstæð lánakjör, enda hafa lán til sjóðfélaga löngu sannað ágæti sitt með að vera fjárfestingarkostur með lítil afföll fyrir sjóðinn. Litið er á þær ráðstafanir nú að þrengja lánareglur sem tímabundnar.

### Starfsumhverfi

Fjárfestingarstefna sjóðsins fyrir árið 2025 var mótuð í nóvember 2024 og tekur mið af væntingum um þróun markaða en áhersla verður sem fyrr á traustar fjárfestingar og áhættudreifingu. Í samtryggingardeild eru helstu breytingar þær að hlutfall hlutabréfa er aukið um 2% á kostnað skuldabréfa en á sama tíma er dregið úr vægi innlendra hlutabréfa en hlutfall erlendra hlutabréfa aukið. Stefnt er að því að hlutfall erlendra eigna í heild í árslok 2025 verði 34% og langtíamarkmið er að auka hlutfall erlendra eigna enn frekar. Fjárfestingarstefna séreignarleiddanna tekur töluverðum breytingum milli ára. Sérstök áhersla er lögð á aukningu erlendra hlutabréfa og er hlutfall þeirra aukið um 5% í eignasafni Lífsverks 1 og Lífsverks 2. Í Lífsverk 3 er stefnt að því að erlendar eignir vegi 2% af safninu, allt innan skuldabréfa.

Vonir eru bundnar við að vaxtalækkunarferli sem nú er hafið verði farsælt fyrir efnahagsframvindu innanlands og viðhorf gagnvart innlendum hlutabréfamarkaði. Verðbólga í flestum löndum hefur lækkað en óvissa í efnahagsmálum er þó enn mikil, m.a. vegna viðvarandi spennu á sviði alþjóðaviðskipta og áframhaldandi ófriðar í Evrópu. Það er mikilvægt fyrir langtímafjárfesti eins og lífeyrissjóð að viðhalda fjárfestingum sínum og fjárfestingarstefnu á slíkum tímum. Í skýringu 31 er gerð grein fyrir helstu áhættuþáttum sjóðsins og áhættustýringu.

### Stjórnarhættir

Lífsverk lífeyrissjóður starfar á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykka sjóðsins. Sjóðurinn leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar var uppfærð á árinu. Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku iðgjaldi sjóðfélaga og ávaxta það ásamt því að greiða sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og við andlát þeirra maka- og barnalífeyri. Lífeyrissjóðurinn veitir samþætt lífeyrisréttindi á grundvelli iðgjalds sem skiptist milli samtryggingardeildar, séreignardeildar og tilgreindrar séreignardeildar sjóðsins. Til séreignardeildar greiðast enn fremur viðbótariðgjöld skv. ákvörðun sjóðfélaga.

Stjórnarháttayfirlýsing fyrir árið 2024 er birt í heild í viðauka með ársreikningi.

### Ófjárhagslegar upplýsingar

Lífsverk lífeyrissjóður telst til eininga tengdum almannahagsmunum samkvæmt lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Þar kemur fram að með skýrslu stjórnar skuli fylgja yfirlit um ófjárhagslegar upplýsingar og er það birt í viðauka með ársreikningi.

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, framhald.:

---

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2025

Stjórn Lífsverks lífeyrissjóðs



Agnar Kofoed-Hansen  
Varaformaður




Eva Hlín Dereksdóttir  
Stjórnarformaður



Agni Ásgeirsson  
Stjórnarmaður



Georg Lúðvíksson  
Stjórnarmaður



Jón L. Árnason  
Framkvæmdastjóri



Margrét Arnardóttir  
Stjórnarmaður

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga Lífsverks lífeyrissjóðs

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífsverks lífeyrissjóðs fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2024, efnahag hans 31. desember 2024, breytingu á handbæru fé á árinu 2024 og tryggingafræðilega stöðu 31. desember 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til stjórnar og endurskoðunarnefndar.

### Ársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra.
- Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2024.
- Efnahagsreikning 31. desember 2024.
- Sjóðstreymisyfirlit árið 2024.
- Deildarskipt yfirlit samtryggingardeildar og séreignardeilda, sem innifela yfirlit um breytingu á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris fyrir árið 2024, efnahagsreikning deilda 31. desember 2024 og sjóðstreymi deilda árið 2024.
- Yfirlit um tryggingafræðilega stöðu samtryggingardeildar 31. desember 2024.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

### Grundvöllur álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

### Óhæði

Við erum óháð lífeyrissjóðnum samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt sjóðnum er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt sjóðnum, á tímabilinu 1. janúar 2024 til 31. desember 2024, í skýringu 21.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins árið 2024. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild.

---

**Lykilatriði endurskoðunarinnar**

---

**Mat óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum**

Bókfært verð eignarhluta í félögum og sjóðum nam kr. 97,0 milljörðum eða 51% af heildareignum þann 31. desember 2024 (2023: kr. 85,0 milljörðum) af því eru kr. 26,5 milljarðar óskráð (2023: kr. 25,8 milljarðar). Vísað er til skýringar nr. 10 um grundvöll reikningsskila og skýringar nr. 22 fyrir eignarhluti í félögum og sjóðum. Þessar eignir eru flokkaðar í gangvirðisprepi 2 og 3 í skýringu nr. 25 í ársreikningi.

Verðmæti þessara fjárfestinga er háð mati, þeim forsendum sem eru notaðar og vali á útreikningsaðferð eða líkani og getur haft veruleg áhrif á niðurstöðu matsins.

Vegna þess hve matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á óskráðum fjárfestingum vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

---

**Lykilatriði endurskoðunarinnar**

---

**Mat skuldabréfa færð á gangvirði**

Bókfært verð skuldabréfa nam kr. 86,5 milljörðum eða 45% af heildareignum þann 31. desember 2024 (2023: 79,2 milljörðum) af því eru kr. 30,3 milljarðar skuldabréf færð á gangvirði (2023: kr. 26,9 milljarðar). Vísað er til skýringar nr. 10 um grundvöll reikningsskila og skýringar nr. 23 fyrir skuldabréf.

Viðskipti á markaði með skuldabréf sem færð eru á gangvirði eru oft stopul. Mat skuldabréfa með stopul viðskipti er háð mati og þeim forsendum sem eru notaðar sem getur haft áhrif á niðurstöðu matsins.

Vegna þess hver matskenndur liðurinn er og vegna stærðar í efnahagsreikningi sjóðsins, teljum við mat á skuldabréfum færð á gangvirði vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

---

**Endurskoðunaraðgerðir**

---

Endurskoðun á mati óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:

- Fjárfestingarferilinn var yfirfarinn. Við yfirforum aðferðafræði og forsendur við mat.

- Gögn sem útreikningar og forsendur mismunandi verðmatsaðferða voru byggð á voru yfirfarin og metin.

- Framkvæmdir voru sjálfstæðir útreikningar af verðmatssérfræðingi PwC á verðmæti úrtaks óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum.

- Í þeim tilvikum þar sem verðmat byggðist á nýlegum viðskiptum voru þau viðskipti sannreynd.

- Flokkun óskráðra eignarhluta í félögum og sjóðum í stigkerfi gangvirðis var yfirfarin.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

---

**Endurskoðunaraðgerðir**

---

Endurskoðun á mati skuldabréfa færð á gangvirði fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:

- Fjárfestingarferilinn var yfirfarinn. Við yfirforum aðferðafræði og forsendur við mat.

- Gögn sem útreikningar og forsendur mismunandi verðmatsaðferða voru byggð á voru yfirfarin og metin.

- Framkvæmdir voru sjálfstæðir útreikningar af verðmatssérfræðingi PwC á verðmæti úrtaks skuldabréfa færð á gangvirði.

- Flokkun skuldabréfa færð á gangvirði í stigkerfi gangvirðis var yfirfarin.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.



## Lykilatriði endurskoðunarinnar

### Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða í árslok er neikvæð um 2,7% (2023: neikvæð um 4,0%) og eru eignir sjóðsins kr. 6.356 milljónum lægri en heildarskuldbinding í árslok 2024 (2023: kr. lægri um 8.620 milljónir).

Tryggingafræðileg staða segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar. Útreikningurinn er framkvæmdur af óháðum tryggingastærðfræðingi og byggir að stórum hluta á matskenndum forsendum.

Um verulegan matskenndan lið er að ræða og teljum við tryggingafræðilega stöðu vera lykilatriði við endurskoðun okkar.

## Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðun á tryggingafræðilegri stöðu fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:

- Við lögðum mat á óhæði og hæfi tryggingastærðfræðings.

- Ferli við útreikninga var yfirfarið.

- Lagt var mat á aðferðafræðina og þær forsendur sem liggja til grundvallar á útreikningi á tryggingafræðilegri stöðu og hvort aðferðin breyttist milli ára. Forsendur útreiknings voru raktar til frumgagna úr kerfum lífeyrissjóðsins.

- Framkvæmdar voru greiningaraðgerðir á þróun lífeyrisskuldbindingar, forsendum og niðurstöðum.

Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar ásamt yfirliti um tryggingafræðilega stöðu.

## Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, stjórnarháttayfirlýsing og ófjárhagslegar upplýsingar, sem lágu fyrir við áritun okkar. Aðrar upplýsingar eru jafnframt ársskýrsla lífeyrissjóðsins. Ársskýrsla liggur ekki fyrir við áritun okkar á ársreikninginn en við búumst við að fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út. Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi lífeyrissjóðsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum lífeyrissjóðsins að meta hæfi hans til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning lífeyrissjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa lífeyrissjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi lífeyrissjóðsins. Stjórnendum lífeyrissjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

## Áritun óháðs endurskoðanda, framhald.:

---

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álitum okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álitum okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits lífeyrissjóðsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi lífeyrissjóðsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hans. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að lífeyrissjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álitum okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

## Áritun óháðs endurskoðanda, framhald.:

---

### Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

#### Kosning endurskoðanda

Við vorum kosin endurskoðendur á aðalfundi sjóðsins þann 19. maí 2020. Við höfum verið endurskoðendur sjóðsins samfellt í fimm ár.

Reykjavík, 19. mars 2025

**PricewaterhouseCoopers ehf.**



Kristinn Kristinsson

löggiltur endurskoðandi

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2024

	Skýr	2024	2023
<b>Iðgjöld</b>			
Iðgjöld sjóðfélaga .....		2.818.243	2.601.467
Iðgjöld launagreiðenda .....		6.640.261	6.114.575
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....		( 467.588)	( 374.568)
		<u>8.990.916</u>	<u>8.341.474</u>
Sérstök aukaframlög .....	12	18.711	18.606
		<u>9.009.627</u>	<u>8.360.080</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Heildarfjárhæð lífeyris .....	13	3.492.772	2.874.264
Framlag til starfsendurhæfingarsjóðs .....		53.500	49.985
Beinn kostnaður vegna örorkulífeyris .....	14	590	490
		<u>3.546.862</u>	<u>2.924.739</u>
<b>Hreinar fjárfestingartekjur</b>			
Hreinar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....	15	10.430.921	4.673.910
Hreinar tekjur af skuldabréfum .....	16	6.888.959	6.580.540
Hreinar tekjur af afleiðusamningum .....		0	( 3.006)
Vaxtatekjur af bundnum bankainnstæðum .....		0	423
Vaxtatekjur af handbæru fé .....	17	163.901	82.875
Vaxtatekjur af iðgjöldum og öðrum kröfum .....		8.200	8.150
Fjárfestingargjöld .....	18	( 156.295)	( 127.267)
		<u>17.335.686</u>	<u>11.215.625</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	19	438.008	405.552
<b>Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b>			
Hrein eign frá fyrra ári .....		22.360.443	16.245.414
		<u>167.758.175</u>	<u>151.512.761</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok</b> .....		<u>190.118.618</u>	<u>167.758.175</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
<b>Fjárfestingar</b>			
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	22	97.018.977	85.009.593
Skuldabréf .....	23	86.494.797	79.177.963
Bundnar bankainnstæður .....		0	4.913
		<u>183.513.774</u>	<u>164.192.469</u>
<b>Kröfur</b>			
Kröfur á launagreiðendur .....		1.004.513	868.895
Aðrar kröfur .....	26	2.608.216	110.159
		<u>3.612.729</u>	<u>979.054</u>
<b>Ýmsar eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	27	18.220	12.525
Handbært fé .....		3.009.002	2.599.415
		<u>3.027.222</u>	<u>2.611.940</u>
		<u>190.153.725</u>	<u>167.783.463</u>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	28	( 35.107)	( 25.288)
		<u>190.118.618</u>	<u>167.758.175</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>			
<b>Skipting á hreinni eign til greiðslu lífeyris</b>			
Hrein eign samtryggingardeildar .....		150.256.327	134.097.058
Hrein eign séreignardeildar .....		39.862.291	33.661.117
Hrein eign til greiðslu lífeyris samtals .....		<u>190.118.618</u>	<u>167.758.175</u>
Skuldbindingar utan efnahags .....	29		

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

	Skýr.	2024	2023
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....		8.893.405	8.270.662
Innborgaðar vaxtatekjur af handbæru fé og kröfum .....		191.657	165.646
Aðrar inngreiðslur .....		10.405	39.613
		<u>9.095.467</u>	<u>8.475.921</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir .....		3.544.137	2.925.724
Rekstrarkostnaður án afskrifta .....		433.505	400.760
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....		11.567	5.506
Aðrar útgreiðslur .....		22.756	40.001
		<u>4.011.965</u>	<u>3.371.991</u>
Nýtt ráðstöfunarfé til fjárfestinga .....		5.083.502	5.103.930
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Innborgaðar tekjur af eignarhlutum í félögum og sjóðum .....		1.201.479	933.868
Keyptir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	( 14.165.353)	( 13.591.626)	
Seldir eignarhlutir í félögum og sjóðum .....		8.735.558	9.881.002
Afborganir höfuðstóls og vaxta skuldabréfa .....		13.224.606	12.361.633
Keypt skuldabréf .....	( 14.949.879)	( 22.599.296)	
Seld skuldabréf .....		1.294.317	7.147.315
Ný bundin innlán .....		0	( 392)
Endurgreidd bundin innlán .....		4.913	0
		<u>( 4.654.359)</u>	<u>( 5.867.496)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		429.143	( 763.566)
<b>Gengismunur af handbæru fé .....</b>		( 19.556)	( 93.045)
<b>Handbært fé í upphafi árs .....</b>		<u>2.599.415</u>	<u>3.456.026</u>
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>		<u>3.009.002</u>	<u>2.599.415</u>

# Yfirlit um breytingar á hreinni eign deilda til greiðslu lífeyris fyrir árið 2024

	Samtryggingardeild		Lífsværk 1		Lífsværk 2		Lífsværk 3		Samtals	
	2024	2023	2024	2023	2024	2023	2024	2023	2024	2023
<b>Iðgjöld</b>										
Iðgjöld sjófélaga .....	2.197.765	2.040.824	208.973	186.765	366.647	331.681	44.858	42.197	2.818.243	2.601.467
Iðgjöld launagreiðenda .....	3.576.656	3.265.682	685.811	603.431	2.276.587	2.154.883	101.207	90.579	6.640.261	6.114.575
Réttindaflutningur og endurgreiðslur .....	(131.424)	(72.610)	(86.549)	(128.155)	(220.003)	(188.398)	(29.612)	14.595	(467.588)	(374.568)
Hér á eftir má sjá hvaða áhrif breytingar á ávöxtunarkröfu hafa á gangvirði skuldabréfa sem færð eru til bókar á gangvirði, hreina eign og tryggingafræðilega stöðu. Annars vegar er gert ráð fyrir að ávöxtunarkrafa verðtryggðra og óverðtryggðra markaðsskuldabréfa lækki um 100 punkta og hins vegar að ávöxtunarkrafan hækki um 100 punkta.

#### Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris

	31.12.2024	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2023
Breyting á ávöxtunarkröfu:	100 pkt	100 pkt	100 pkt	100 pkt
	lækkun	hækkun	lækkun	hækkun
Skuldabréf færð á gangvirði - breyting á hreinni eign .....	680.309	(680.912)	604.873	(605.685)
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	150.256.327	150.256.327	134.097.058	134.097.058
Hrein eign eftir breytingu.....	150.936.636	149.575.415	134.701.931	133.491.373

#### Áhrif á tryggingafræðilega stöðu:

	31.12.2024	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2023
Breyting á ávöxtunarkröfu:	100 pkt	100 pkt	100 pkt	100 pkt
	lækkun	hækkun	lækkun	hækkun
Skuldabréf færð á gangvirði - breyting á tryggingafræðilegri stöðu .....	0,3%	(0,3%)	0,3%	(0,3%)
Tryggingafræðileg staða.....	(2,7%)	(2,7%)	(4,0%)	(4,0%)
Tryggingafræðileg staða eftir breytt gangvirði.	(2,4%)	(3,0%)	(3,7%)	(4,3%)

#### Uppgreiðsluáhætta

Hættan á að skuldabréf í eigu sjóðsins séu greidd upp að fullu eða að hluta fyrir lokagjalddaga án þess að hægt sé að endurfjárfesta uppgreiddum höfuðstól á jafngóðum eða betri kjörum fyrir sambærilega áhættusamt skuldabréf. Líkur á fyrirframgreiðslu eru meiri ef markaðsvextir eru lægri en vextir skuldabréfa í eigu sjóðsins og líkurnar aukast eftir því sem munur markaðsvaxta og vaxta skuldabréfanna eykst.

#### Verðáhætta (hlutabréfa og hlutdeildarskírteina)

Hættan á lækkun markaðsvirðis verðbréfa með breytilegar tekjur, svo sem hlutabréfa og hlutdeildarskírteina. Markmið með stýringu verðáhrættu er að stýra og takmarka áhrættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ávöxtun sjóðsins miðað við áhrættu er háþyrkt. Verðáhættu er m.a. stýrt með takmörkunum í fjárfestingarstefnu, fjárfestingarheimildum og áhættuviðmiðum.

Til að meta líkur á tilteknu tapi miðað við eignasafn sjóðsins og söguleg markaðsgögn er notast við VaR (Value at Risk).

	Fjárhæðir		Hlutfall af eignum	
Innlend og erlend hlutabréf og hlutabréfasjóðir	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Innl. hlutabr. og hlutabréfasjóðir á gangvirði...	30.793.155	29.349.070	20,5%	21,9%
Erl. hlutabr. og hlutabréfasjóðir á gangvirði.....	37.492.286	31.439.073	25,0%	23,4%
Samtals.....	68.285.441	60.788.143	45,4%	45,3%



## Skýringar, framhald:

### 31. Áhættupættir í starfsemi og áhættustýring, framhald:

Áhrif 5% og 10% lækkunar á gangvirði eignarhluta í félögum og sjóðum á tryggingafræðilega stöðu eru sýnd hér á eftir. Tekið skal fram að 5% og 10% hækkun á gangvirði hefur sömu áhrif en í gagnstæða átt, þ.e. til bætingar á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins.

#### Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris samtryggingar:

	31.12.2024	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2023
<b>Breyting á gangvirði:</b>	<b>-5%</b>	<b>-10%</b>	<b>-5%</b>	<b>-10%</b>
Áhrif vegna innl. hlutabr. og hlutabréfasjóða...	(1.539.658)	(3.079.315)	(1.467.454)	(2.934.907)
Áhrif vegna erl. hlutabr. og hlutabréfasjóða....	(1.874.614)	(3.749.229)	(1.571.954)	(3.143.907)
Samtals gangvirðisbreyting.....	<u>(3.414.272)</u>	<u>(6.828.544)</u>	<u>(3.039.407)</u>	<u>(6.078.814)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	150.256.327	150.256.327	134.097.058	134.097.058
Breyting á hreinni eign.....	<u>(3.414.272)</u>	<u>(6.828.544)</u>	<u>(3.039.407)</u>	<u>(6.078.814)</u>
Hrein eign til gr. lífeyris eftir br. á gangvirði....	<u>146.842.055</u>	<u>143.427.783</u>	<u>131.057.651</u>	<u>128.018.244</u>

#### Áhrif á tryggingafræðilega stöðu:

	31.12.2024	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2023
<b>Breyting á gangvirði:</b>	<b>-5%</b>	<b>-10%</b>	<b>-5%</b>	<b>-10%</b>
Áhrif vegna innl. hlutabr. og hlutabréfasjóða...	(0,7%)	(1,3%)	(0,7%)	(1,4%)
Áhrif vegna erl. hlutabr. og hlutabréfasjóða....	(0,8%)	(1,6%)	(0,7%)	(1,5%)
Samtals gangvirðisbreyting.....	<u>(1,5%)</u>	<u>(2,9%)</u>	<u>(1,4%)</u>	<u>(2,8%)</u>
Tryggingafræðileg staða.....	(2,7%)	(2,7%)	(4,0%)	(4,0%)
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu.....	<u>(1,5%)</u>	<u>(2,9%)</u>	<u>(1,4%)</u>	<u>(2,8%)</u>
Tryggingafr. staða eftir br. á gangvirði.....	<u>(4,2%)</u>	<u>(5,7%)</u>	<u>(5,5%)</u>	<u>(6,9%)</u>

#### Gjaldmiðlaáhætta

Hættan á að sveiflur á gengi krónunnar annars vegar og erlendra myntkrossa hins vegar geti haft neikvæð áhrif á eignastöðu sjóðsins. Þannig getur styrking krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum rýrt verðmæti erlendra eigna sjóðsins, mælt í íslenskum krónum.

Erlendar eignir eru nú 30,3% af eignasafni samtryggingardeildar sjóðsins.

Að eiga erlendar eignir er góð vörn gegn gengislækkun krónu og því mikilvægur hluti af áhættuvörnum sjóðsins.

Hér að neðan er fjallað um þá gjaldmiðla sem mest áhrif hafa á rekstur samtryggingardeildar sjóðsins.

Mynt	Árslokagengi		Breyting í %	
	31.12.2024	31.12.2023	Breyting í %	Meðalgengi 2024
USD.....	138,2	136,2	1,5%	137,93
EUR.....	143,90	150,5	(4,4%)	149,31
SEK.....	12,57	13,563	(7,3%)	13,07
NOK.....	12,21	13,389	(8,8%)	12,85
Mynt	Fjárhæðir		Hlutfall af eignum	
	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
USD.....	25.961.938	23.302.112	17,8%	17,7%
EUR.....	15.714.306	14.081.696	10,8%	10,7%
SEK.....	859.944	760.420	0,6%	0,6%
NOK.....	746.182	762.915	0,5%	0,6%
Aðrir erlendir gjaldmiðlar.....	802.014	528.217	0,6%	0,4%
Samtals.....	<u>44.084.384</u>	<u>39.435.360</u>	<u>30,3%</u>	<u>30,0%</u>

## Skýringar, framhald:

### 31. Áhættupættir í starfsemi og áhættustýring, framhald:

Í töflunni hér að neðan er sýnt hvaða áhrif 5% og 10% styrking á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi gjaldmiðlum hefði á tryggingafræðilega stöðu miðað við stöðu eigna í viðkomandi gjaldmiðli á reikningsskiladegi. 5% og 10% veiking á gengi íslensku krónunnar hefði sambærilega öfug áhrif.

#### Áhrif á hreina eign til greiðslu lífeyris

	31.12.2024	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2023
	5%	10%	5%	10%
<b>Styrking á gengi krónunnar:</b>				
USD.....	(1.298.097)	(2.596.194)	(1.165.106)	(2.330.211)
EUR.....	(785.715)	(1.571.431)	(704.085)	(1.408.170)
SEK.....	(42.997)	(85.994)	(38.021)	(76.042)
NOK.....	(37.309)	(74.618)	(38.146)	(76.292)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar.....	(40.101)	(80.201)	(26.411)	(52.822)
Samtals gangvirðisbreyting.....	<u>(2.204.219)</u>	<u>(4.408.438)</u>	<u>(1.971.768)</u>	<u>(3.943.536)</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	150.256.327	150.256.327	134.097.058	134.097.058
Breyting á hreinni eign.....	(2.204.219)	(4.408.438)	(1.971.768)	(3.943.536)
Hrein eign eftir breytingu á gangvirði.....	<u>148.052.108</u>	<u>145.847.889</u>	<u>132.125.290</u>	<u>130.153.522</u>

#### Áhrif á tryggingafræðilega stöðu:

	31.12.2024	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2023
	5%	10%	5%	10%
<b>Styrking á gengi krónunnar:</b>				
USD.....	(0,6%)	(1,1%)	(0,5%)	(1,1%)
EUR.....	(0,3%)	(0,7%)	(0,3%)	(0,7%)
SEK.....	(0,0%)	(0,0%)	(0,0%)	(0,0%)
NOK.....	(0,0%)	(0,0%)	(0,0%)	(0,0%)
Aðrir erlendir gjaldmiðlar.....	(0,0%)	(0,0%)	(0,0%)	(0,0%)
Samtals gangvirðisbreyting.....	<u>(0,9%)</u>	<u>(1,9%)</u>	<u>(0,9%)</u>	<u>(1,8%)</u>
Tryggingafræðileg staða.....	(2,7%)	(2,7%)	(4,0%)	(4,0%)
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu.....	(0,9%)	(1,9%)	(0,9%)	(1,8%)
Tryggingafr. staða eftir breytt gangvirði.....	<u>(3,7%)</u>	<u>(4,6%)</u>	<u>(5,0%)</u>	<u>(5,9%)</u>

#### Verðbólguáhætta

Hættan á að verðbólga valdi hækkun á lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar umfram raunávöxtun óverðtryggðra eigna.

Verðbólguáhætta er viðvarandi í rekstri sjóðsins þar sem skuldbindingar eru að fullu verðtryggðar en eignasafnið er hins vegar að hluta ávaxtað í óverðtryggðum verðbréfum.

	Fjárhæðir		Hlutfall af eignum	
	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
<b>Verðtryggðar eignir</b>				
Skuldabréf með ábyrgð ríkis.....	10.937.332	10.873.560	7,2%	8,1%
Útlán til sjóðfélaga.....	21.610.620	16.614.609	14,4%	12,4%
Önnur skuldabréf.....	25.117.184	23.414.060	16,9%	17,4%
Samtals.....	<u>57.665.137</u>	<u>50.902.229</u>	<u>38,5%</u>	<u>37,9%</u>

#### Áhætta vegna eigna utan efnahagsreiknings

Hætta á breytingum á undirliggjandi eignum eða skuldbindingum utan efnahags. Framvirkir gjaldmiðlasaningar, afleiður og skuldbindandi samningar um greiðslur í framtakssjóði eru dæmi um eignir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings. Ekki eru til staðar opnir og útistandandi framvirkir gjaldmiðlasamningar eða afleiður hjá sjóðnum. Upplýsingar um skuldbindingar vegna framtakssjóða er að finna í skýringu nr. 29.

## Skýringar, framhald:

### 31. Áhættupættir í starfsemi og áhættustýring, framhald:

#### Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta samanstendur af útlánaáhættu, samþjöppunaráhættu, landsáhættu og afhendingar- og uppgjörshættu. Útlánaáhætta er sú áhætta að mótaðilar standi ekki skil á greiðslum af fjármálagerningum eða vegna samninga sem fela í sér útlánaígildi. Samþjöppunaráhætta er heildaráhætta eignasafns vegna tiltekins mótaðila og aðilum honum tengdum. Landsáhætta er hættan á að fjárfestingar sjóðsins séu of tengdar einu landi eða landsvæði. Afhendingar- og uppgjörshættu er sú áhætta að uppgjör viðskipta sé ekki í samræmi við fyrirmæli, eða að eignir tapist vegna gjaldþrots (eða greiðslufalls) vörsluaðila, þegar eignir sjóðsins eru í vörslu hjá 3ja aðila.

Vanskilahlutfall sjóðfélagalána og annarra fasteignaveðlána samtryggingardeildar er reiknað með kennitöluaðferð. Það eru eftirstöðvar lána/skuldabréfa þeirra lántaka sem eru með eitt eða fleiri lán/skuldabréf í meira en 90 daga vanskilum sem hlutfall af eftirstöðvum allra lána/skuldabréfa samtryggingardeildar.

Yfir 90 daga vanskil	Fjárhæðir		Hlutfall af heildarútlánnum	
	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Útlán til sjóðfélaga.....	153.313	0	0,52%	0%
Önnur fasteignaveðlán.....	1.915.353	0	2,21%	0%

#### Varúðarniðurfærsla vegna útlána og skuldabréfa

Í árslok 2024.....	(31.971)
Í árslok 2023.....	(11.739)
Breyting á niðurfærslu.....	<u>(20.232)</u>

#### Lífeyrstryggingaráhætta

Lífeyrstryggingaráhætta felst í hættunni á því að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga ef skuldbindingar vaxa meira en eignir, hættu sem stafar af miklum samdrætti í iðgjöldum, hættu á neikvæðri þróun í ytra umhverfi sjóðsins, hættu á að lýðfræðileg samsetning sjóðfélaga breytist á þann veg að skuldbindingar hækki umfram áætlanir og hættu á að sjóðfélagar flytji réttindi sín og loks ósamræmisáhætta er varðar samtryggingardeild, en þar er átt við hættuna á ósamræmi í breytingum á markaðsvirði eigna annars vegar og skuldbindinga hins vegar. Lífeyrstryggingaráhætta er metin árlega af tryggingastærðfræðingi sjóðsins og gerð eru álagspróf sem sýna hvaða áhrif breytingar á mismunandi forsendum hafa á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins.

#### Álagspróf með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2013

Sjóðurinn framkvæmir reglulega álagspróf með hliðsjón af leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2013. Markmiðið með framkvæmd álagsprófa er að meta hvort munur á lífeyrisskuldbindingum sjóðsins og eignasafninu fari í einhverjum tilvikum yfir 10% miðað við mismunandi álagsþætti, þ.e. það vantar 10% upp á eignasafnið til að standa við lífeyrisskuldbindingarnar.

Þetta er gert þar sem í 39. gr. laga nr. 129/1997 er kveðið á um að ef heildar tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar leiðir í ljós að meira en 10% munur er á milli eignaliða og lífeyrisskuldbindinga er skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum. Með sama hætti þarf að gera breytingar á samþykktum ef munurinn er umfram 5% samfleytt í fimm ár.

Niðurstöður álagsprófs:

	Tryggingafræðileg staða		Breyting tryggingafr. stöðu	
	31.12.2024	31.12.2023	31.12.2024	31.12.2023
Núverandi staða.....	(2,7%)	(4,0%)	0,0%	0,0%
Tryggingafr. krafa lækkuð úr 3,5% í 3,0%.....	(11,0%)	(11,5%)	(8,3%)	(7,5%)
Dánartíðni lækkuð um 20%.....	(6,6%)	(7,7%)	(3,9%)	(3,7%)
Örorkulíkur auknar um 10%.....	(2,9%)	(4,3%)	(0,2%)	(0,2%)
Hækkun á vísitölu neysluverðs um 0,5%.....	(3,1%)	(4,4%)	(0,4%)	(0,4%)
Lækkun á gengisvísitölu um 10%.....	(4,7%)	(5,9%)	(2,0%)	(1,8%)
Lækkun sjóðfélagalána um 10%.....	(4,0%)	(5,2%)	(1,3%)	(1,2%)
Markaðsskuldabréf lækka um 10%.....	(3,2%)	(4,5%)	(0,5%)	(0,5%)
Erlend hlutabréf lækka um 10%.....	(4,3%)	(5,5%)	(1,6%)	(1,5%)
Innlend hlutabréf lækka um 10%.....	(4,0%)	(5,4%)	(1,3%)	(1,4%)

### 31. Áhættuþættir í starfsemi og áhættustýring, framhald:

#### Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er annars vegar seljanleikaáhætta, sem felur í sér þá áhættu að ekki sé hægt að selja (eða kaupa) tiltekinn fjármálagerning á viðunandi verði með stuttum fyrirvara og hins vegar útstreymisáhætta, sem er sú áhætta að ekki sé hægt að standa við greiðslur í krónum eða erlendum myntum, t.d. vegna lífeyrisskuldbindinga, skuldbindinga í sjóðum, vegna uppgjörs samninga eða úttekta á séreignarsparnaði. Seljanleikaáhætta getur komið til vegna óvenjulegra markaðsaðstæðna en einnig vegna eiginleika viðkomandi fjármálagernings. Algengur mælikvarði á seljanleika fæst með því að athuga veltu tiltekinna verðbréfa og bera saman við eignastöðu sjóðsins í sama flokki verðbréfa. Meta þarf útstreymisáhættu með því að skoða vænt nettó innstreymi/útstreymi lífeyrissjóðsins og meta áhættu á fráviki frá þeirri áætlun.

Til að lágmarka útstreymisáhættu er fylgst með útstreymi greidds lífeyris og innstreymi iðgjalda og afborgana/arðgreiðslna af verðbréfum. Ef hlutfall milli lífeyris og iðgjalda er minna en 100% þýðir það að það er meira innstreymi iðgjalda til sjóðsins heldur en sjóðurinn greiðir í lífeyri, þ.e. nettó innstreymi fjármagns til sjóðsins.

	2024	2023
Lífeyrir.....	2.884.549	2.330.884
Iðgjöld.....	5.661.708	5.252.502
Lífeyrisbyrði.....	50,9%	44,4%

#### Rekstraráhætta

Rekstraráhætta er almenn hætta á að uppsagnir eða veikindi starfsmanna leiði til rekstrarerfiðleika, almenn áhætta sem snýr að hlítinu starfsmanna við lög og reglur, samþykktir og verkferla, áhætta vegna svika, sem valdið geta sjóðnum fjárhagslegu tjóni, áhætta vegna vél- og hugbúnaðar, sem notaður er í daglegum rekstri, orðsporsáhætta og pólitísk áhætta. Undir rekstraráhættu flokkast einnig skjalaáhætta, úrskurðaráhætta lífeyris, áhætta vegna útvistunar og upplýsingaáhætta.

Helstu tæki til að takmarka rekstraráhættu er að tryggja að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við lög og reglugerðir, skýrar starfsreglur, verkferlar og verklýsingar og öflugt innra eftirlit, sem m.a. tryggir aðgreiningu starfa innan sjóðsins. Í áhættustefnu sjóðsins er skilgreint hvernig eftirliti með rekstraráhættu er háttað. Þá gerir innri endurskoðandi sjóðsins úttekt á innra eftirliti árlega.

#### Áhætta tengd loftslagsbreytingum (hluti sjálfbærniáhættu)

Almennt er loftslagsáhætta skipt í tvo meginflokk. Annars vegar raunlæga áhættu (e. physical risk) og hins vegar umbreytingaráhættu (e. transition risk).

Raunlæg áhætta er sú áhætta sem stafar af loftslagsbreytingum á innviði samfélaga, rekstur fyrirtækja og opinberra aðila.

Umbreytingar yfir í hagkerfi sem eru minna háð kolefni munu hafa í för með sér víðtækar stefnubreytingar, breytingar á lögum og reglum, breytingar á tækni, breytingar á neysluvenjum og breytingar á mörkuðum. Það fer eftir eðli, hraða og áherslum þessara umbreytinga hver áhrifin verða á fyrirtæki, stofnanir, samfélög og hagkerfi.

Það er mat sjóðsins að til skamms og meðallangs tíma séu áhrif vegna raunlægrar áhættu ekki mikil á innlendar eignir sjóðsins vegna loftslagsbreytinga á Íslandi. Til langs tíma er raunlæg áhætta háð mikilli óvissu og mun umfang hennar fara mikið eftir því hvernig ráðist verður í mótvægis- og aðlögunaraðgerðir á heimsvísu sem og á Íslandi. Umbreytingaráhætta er metin nokkur hjá fyrirtækjum á Íslandi, þar á meðal fyrirtækjum í eignasafni sjóðsins. Þar má nefna skatta og gjöld sem fyrirtæki munu þurfa að greiða vegna losunar. Þá getur umbreytingaráhætta einnig haft veruleg neikvæð áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja en á sama tíma falið í sér mikil tækifæri ef rétt er brugðist við. Sjóðurinn hefur m.a. mótað sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar til þess að bregðast við loftslagsáhættu og aðra þætti sjálfbærniáhættu.

## Skýringar, framhald:

### 32. Kennitölur:

Samtryggingardeild	2024	2023	2022	2021	2020
<b>Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:</b>					
Hrein eign umfram heildar skuldbind. ....	(2,7%)	(4,0%)	(4,6%)	(0,2%)	1,2%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbind. ....	(5,0%)	(6,9%)	(6,7%)	5,6%	2,4%
<b>Ávöxtun:</b>					
Hrein raunávöxtun .....	4,9%	(0,7%)	(9,5%)	11,9%	9,3%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðastliðin fimm ár .....	2,9%	3,7%	4,1%	6,9%	5,1%
síðastliðin tíu ár .....	3,9%	4,0%	4,5%	6,1%	5,0%
<b>Hlutfallsleg skipting fjárfestinga:</b>					
Skráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum ...	37,5%	35,2%	36,8%	41,0%	37,1%
Skráð skuldabréf .....	25,4%	27,2%	27,3%	27,1%	27,6%
Óskráðir eignarhlutir í félögum og sjóðum .	15,8%	17,1%	18,3%	18,3%	16,8%
Óskráð skuldabréf .....	21,4%	20,5%	17,6%	13,7%	18,5%
<b>Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum:</b>					
Eignir í íslenskum krónum .....	69,7%	70,0%	71,9%	71,3%	74,9%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	30,3%	30,0%	28,1%	28,7%	25,1%
<b>Fjöldi:</b>					
Fjöldi virkra sjóðfélaga .....	3.526	3.430	3.275	3.123	3.005
Fjöldi sjóðfélaga í árslok .....	6.228	6.039	5.766	5.501	5.265
Fjöldi lífeyrisþega .....	842	746	629	583	543
<b>Hlutfallsleg skipting lífeyris:</b>					
Ellilífeyrir .....	84,8%	84,0%	82,5%	82,9%	82,0%
Örorkulífeyrir .....	7,9%	7,7%	8,5%	7,9%	8,7%
Makalífeyrir .....	6,4%	7,4%	7,9%	8,2%	8,4%
Barnalífeyrir .....	0,8%	0,9%	1,1%	1,0%	0,9%
<b>Fjárhæðir á föstu verðlagi:</b>					
Iðgjöld alls .....	5.661.708	5.559.961	5.352.142	5.485.554	5.160.278
Lífeyrir alls .....	2.884.549	2.467.324	2.094.805	1.826.739	1.680.899
Hreinar fjárfestingartekjur .....	13.733.643	9.922.035	-1.049.005	22.178.461	15.192.946
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður .....	351.533	374.465	351.143	314.701	299.328
Hækkun á hreinni eign .....	16.159.269	12.640.206	1.857.189	25.522.574	18.372.997
<b>Aðrar kennitölur:</b>					
Stöðugildi á árinu .....	10,9	10,0	9,0	8,5	8,0
Lífeyrisbyrði .....	50,9%	44,4%	39,1%	33,3%	32,6%
Hreinar fjárf.tekjur af meðalstöðu eigna .....	9,6%	7,3%	(0,7%)	16,1%	12,5%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður					
í hlutfalli af iðgjöldum .....	6,21%	6,74%	6,56%	5,74%	5,80%
í hlutfalli af meðalstöðu eigna .....	0,25%	0,28%	0,25%	0,23%	0,25%

## Skýringar, framhald:

### 32. Kennitölur, framhald:

Séreignardeild:	2024	2023	2022	2021	2020
<b>Lífsverk 1</b>					
Hrein raunávöxtun .....	7,0%	(2,0%)	(17,6%)	17,3%	12,3%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðastliðin fimm ár .....	2,6%	3,7%	3,8%	8,8%	5,0%
síðastliðin tíu ár .....	3,8%	3,4%	4,7%	7,2%	5,9%
Verðbréfaeign skiptist þannig:					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	65,5%	68,0%	57,3%	60,8%	66,6%
Skuldabréf .....	34,5%	32,0%	42,7%	39,2%	33,4%
Eignir í íslenskum krónum .....	67,3%	70,8%	76,8%	83,4%	80,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	32,7%	29,2%	23,2%	16,6%	20,0%
Fjöldi virkra sjóðfélaga .....	897	859	795	730	681
Fjöldi lífeyrisþega .....	26	24	16	17	39
<b>Lífsverk 2</b>					
Hrein raunávöxtun .....	5,3%	(1,9%)	(14,6%)	9,6%	7,6%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðastliðin fimm ár .....	0,8%	1,6%	2,3%	6,7%	5,1%
síðastliðin tíu ár .....	2,8%	2,4%	2,8%	4,6%	3,9%
Verðbréfaeign skiptist þannig:					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	49,3%	47,1%	38,9%	41,7%	44,2%
Skuldabréf .....	50,7%	52,9%	61,1%	58,2%	55,8%
Eignir í íslenskum krónum .....	76,8%	79,2%	82,4%	86,8%	85,4%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	23,2%	20,8%	17,6%	13,2%	14,6%
Fjöldi virkra sjóðfélaga .....	2.732	2.680	2.554	2.481	2.431
Fjöldi lífeyrisþega .....	216	196	158	105	112
<b>Lífsverk 3</b>					
Hrein raunávöxtun .....	3,2%	(2,3%)	(7,8%)	(1,7%)	2,3%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar					
síðastliðin fimm ár .....	(1,4%)	(1,5%)	(0,9%)	1,4%	2,3%
síðastliðin tíu ár .....	0,5%	0,5%	0,8%	1,7%	2,0%
Verðbréfaeign skiptist þannig:					
Eignarhlutir í félögum og sjóðum .....	29,2%	24,6%	26,3%	31,8%	30,5%
Skuldabréf .....	70,8%	75,4%	73,7%	62,5%	63,4%
Annað .....	0,0%	0,0%	0,0%	5,7%	6,0%
Eignir í íslenskum krónum .....	97,8%	97,6%	98,9%	98,7%	98,5%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum .....	2,2%	2,4%	1,1%	1,3%	1,5%
Fjöldi virkra sjóðfélaga .....	169	167	157	142	139
Fjöldi lífeyrisþega .....	13	17	17	7	11

# Stjórnarháttayfirlýsing

Með stjórnarháttayfirlýsingu þessari eru uppfylltar kröfur sem fram koma í 51. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða nr. 335/2015. Yfirlýsing þessi er hluti af skýrslu stjórnar með ársreikningi 2024.

Lífsværk lífeyrissjóður leggur áherslu á góða stjórnarhætti og hefur til hliðsjónar Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem eru gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Sjóðurinn vikor þó að hluta frá leiðbeiningunum, einkum þar sem efnistöð eiga ekki við um lífeyrissjóði. Má þar helst nefna atriði sem varða hluthafafundi og hluthafa, starfskjarastefnu, starfskjaranefnd og tilnefningarnefnd. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja er hægt að nálgast á [www.leidbeiningar.is](#).

Lífsværk lífeyrissjóður starfar á grundvelli laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og samþykka sjóðsins. Lög og reglur sem varða starfsemi lífeyrissjóða er hægt að nálgast á heimasíðu Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, [www.fme.is](#). Hlutverk sjóðsins er að veita viðtöku iðgjaldi sjóðfélaga og ávaxta það ásamt því að greiða sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og við andlát þeirra maka- og barnalífeyri. Lífeyrissjóðurinn veitir samþætt lífeyrisréttindi á grundvelli iðgjalds sem skiptist milli samtryggingar- og séreignardeilda sjóðsins. Til séreignardeilda greiðast enn fremur viðbótariðgjöld skv. ákvörðun sjóðfélaga.

Stjórn sjóðsins hefur sett Samskipta- og siðareglur fyrir starfsmenn og stjórnarmenn sjóðsins. Reglunum er ætlað að stuðla að góðum og heiðarlegum starfsháttum og samskiptum, að viðhalda trausti sjóðfélaga og viðskiptaaðila, efla trúverðugleika sjóðsins og draga úr hugsanlegri rekstrar- og orðsporsáhættu. Þá er þeim ætlað að draga fram gildi sjóðsins sem stjórnarmenn og starfsmenn byggja á í sínum störfum, sem eru: Heilindi, jákvæðni, ábyrgð. Í reglunum er m.a. fjallað um góða starfshætti, þagnarskyldu og meðferð trúnaðarupplýsinga, samfélagslega ábyrgð og reglur um gjafir, boðsferðir og starfstengdar ferðir. Reglurnar eru birtar á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn hefur einnig sett sér Upplýsingastefnu, þar sem meðal annars kemur fram að stefna sjóðsins sé að sjóðfélagar fái ávallt réttar, tímanlegar og markvissar upplýsingar um réttindi sín og málefni sjóðsins með rafrænni upplýsingagjöf um sjóðfélagavef á vefsvæði sjóðsins. Almenn efni verði á opnum síðum en sértækara efni um sjóðinn og sjóðfélaga á sjóðfélagavefnum. Þá leggi sjóðurinn áherslu á gagnsæi og heiðarleika í innri sem ytri upplýsingagjöf. Upplýsingastefna stjórnar er birt á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur sett stefnu um ábyrgar fjárfestingar, sem var uppfærð á árinu 2024. Þar eru skilgreind sjálfbærniáhrif sjóðsins og lýst hvernig sjóðurinn tekur tillit til áhættu tengdrar sjálfbærni í fjárfestingum og áhættustýringu sjóðsins. Við mat á sjálfbærni horfir sjóðurinn til viðmiða um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti og koma þau á margþættan hátt inn í ákvarðanatöku og áhættumat sjóðsins. Til að skerpa á mikilvægi eftirfylgni með sjálfbærniáhrifum í fjárfestingum sjóðsins, þá hefur hluthafastefna sjóðsins verið sameinuð við stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Fyrirsjáanlegt er að umgjörð í kringum sjálfbærni í fjárfestingum haldi áfram að þróast og má gera ráð fyrir að stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar muni gera slíkt hið sama á næstu árum. Stefna sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar er birt á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn sjóðsins hefur sett stefnu um meðferð persónuupplýsinga sem byggir á lögum 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Stefnan var uppfærð og endurskoðuð á árinu 2024. Þar kemur fram að sjóðurinn leggur sig fram við að meðhöndla persónuupplýsingar af ábyrgð og trúnaði, safna aðeins þeim gögnum sem nauðsynleg eru í starfsemi sjóðsins, afhenda þau ekki þriðja aðila nema að fengnu samþykki og farga um leið og unnt er. Sjóðfélagar geta óskað eftir aðgangi að eigin persónuupplýsingum sem sjóðurinn vistar um þá og tekur sjóðurinn slíkar beiðnir til greina svo fremi lög og reglugerðir eða réttindi annarra standi ekki í vegi fyrir því.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal sjá til þess að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og samþykka sjóðsins. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún hefur skilgreint skipulag innra eftirlits þar sem meginatriði innra eftirlits sjóðsins koma fram, sbr. 8. tl. 29. gr. laga nr. 129/1997.

Stjórn sjóðsins hefur mótað áhættustefnu í samræmi við reglugerð nr. 590/2017 um eftirlitakerfi með áhættu lífeyrissjóða. Í áhættustefnunni er fjallað um áhættuþætti í rekstri sjóðsins, s.s. markaðsáhættu, gjaldmiðlaáhættu og mótaðilaáhættu. Áhættustjóri tekur saman áhættumælaborð og leggur fyrir stjórn mánaðarlega, þar sem m.a. kemur fram staða mælikvarða m.t.t. laga, fjárfestingarstefnu og áhættuvilja/áhættuþol, hvort frávik eða markvert rekstraratvik hafi átt sér stað og þá hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar. Mælaborðinu er ætlað að veita stjórn yfirsýn yfir stöðu helstu áhættuþátta í samtryggingardeild og séreignarleikum. Áhættuskýrslur eru einnig lagðar fyrir stjórn

## Stjórnarháttayfirlýsing, framhald:

---

ársfjórðungslega. Þar er umfjöllun um veigamiklar áhættur sem sjóðurinn stendur frammi fyrir og helstu breytingar milli tímabila dregnar fram. Skýrslurnar sýna áætlaða tryggingafræðilega stöðu, greiningu á verðbreytingaráhættu (VaR), greiningu á verðbólguáhættu, markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, stöðu óskráðra eigna og greiningu á stöðu sjóðfélagalána. Þá eru áhrif sviðsmynda og álagsprófa á tryggingafræðilega stöðu metin auk annars tilfallandi efnis sem talið er eiga erindi til stjórnar á hverjum tíma. Markmiðið með skýrslunum er að stjórn og þeir sem starfa við rekstur og eignastýringu sjóðsins séu meðvitaðir um áhættu sjóðsins og gefist þannig betri kostur á því að bregðast við ef áhætta fer út fyrir ásættanleg mörk.

Stjórn sjóðsins samanstendur af 5 stjórnarmönnum og 4 til vara. Stjórnarmenn eru kosnir með rafrænum kosningum af sjóðfélögum sjálfum en varastjórnarmenn eru kosnir á aðalfundi sjóðsins. Framkvæmd stjórnarkjörs er í höndum þriggja manna kjörnefndar, sem stjórn sjóðsins skipar ár hvert fyrir lok desembermánaðar. Í kjörnefnd sitja Þórunn Edwald, Daníel Ísebnar Ágústsson og Elísabet Árnadóttir. Stjórnarmenn og varastjórnarmenn eru kosnir til 3 ára í senn og mega lengst sitja í stjórn í þrjú kjörtímabil. Aðalmenn í stjórn sjóðsins eru:

Eva Hlín Dereksdóttir, formaður. Eva Hlín er fædd 1977 og var fyrst kjörin í stjórn sjóðsins 2018. Hún hefur verið formaður frá 2021. Hún er með M.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá University of Washington og MBA gráðu frá Háskóla Íslands. Eva Hlín er framkvæmdastjóri verkfræðistofunnar Raftákn.

Agnar Kofoed-Hansen, varaformaður. Agnar er fæddur 1956 og var fyrst kjörinn í stjórn sjóðsins 2018. Hann var varaformaður stjórnar 2019-2020 og frá árinu 2022. Agnar er með M.Sc. gráðu í rekstrarverkfræði frá Danmarks tekniske Universitet, hefur lokið námi í verðbréfavíðskiptum og hefur vottun IPMA sem verkefnastjóri. Hann lagði stund á frumkvöðlafræði, fjármál og upplýsingatækni við MIT Sloan School of Management. Agnar er sjálfstætt starfandi ráðgjafi.

Agni Ásgeirsson. Agni er fæddur 1969, Hann er með doktorsgráðu í iðnaðar- og kerfisverkfræði frá Georgia Institute of Technology. Hann sat í stjórn Lífsverks 2010-2013 og síðan frá 2023. Agni var forstöðumaður áhættustýringar hjá LSR frá 2013 – 2021 og starfar nú hjá Marel hf.

Georg Lúðvíksson er fæddur 1976 og hefur setið í stjórn Lífsverks frá 2022. Georg er rafmagns- og tölvuverkfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá Harvard Business School með áherslu á fjármál og fjárfestingar. Hann var forstjóri Meniga í 14 ár en er nú sjálfstætt starfandi.

Margrét Arnadóttir er fædd 1975 og tók fyrst sæti í aðalstjórn Lífsverks 2018. Margrét er með M.Sc. gráðu í véla- og orkuverkfræði frá háskólanum í Álaborg í Danmörku og MBA gráðu frá Háskóla Íslands. Hún hefur m.a. starfað hjá Rio Tinto Alcan sem verkefnastjóri vindorku hjá Landsvirkjun og framkvæmdastjóri tæknisviðs Ölgerðarinnar.

Stjórn hefur metið óhæði stjórnarmanna í samræmi við Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og er það niðurstaða stjórnar að allir stjórnarmenn teljist vera óháðir. Stjórn skal sjá um að skipulag sjóðsins og starfsemi séu jafnan í góðu horfi og í samræmi við lög og reglur sem gilda um sjóðinn. Hlutverk stjórnar er skilgreint í samþykktum og starfsreglum stjórnar. Auk þess hefur stjórn sjóðsins lögbundnu hlutverki að gegna. Starfsreglur stjórnar eru aðgengilegar á vefsvæði sjóðsins. Stjórn sjóðsins hélt 15 stjórnarfundi á árinu 2024 og var full mæting á fundi stjórnar, nema í einu tilviki er stjórnarmaður boðaði forföll vegna veikinda.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar. Hlutverk hennar fer eftir ákvæðum laga um ársreikninga en samkvæmt þeim skulu einingar tengdar almannahagsmunum, þar á meðal lífeyrissjóðir, starfrækja endurskoðunarnefnd. Tveir nefndarmenn úr hópi sjóðfélaga eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn og stjórn sjóðsins skipar þriðja nefndarmanninn. Nefndina skipa Jóhann Þór Jóhannsson, formaður, Margrét Arnadóttir og Thomas Möller. Stjórn hefur sett nefndinni starfsreglur sem uppfærðar og endurskoðaðar voru á árinu 2024. Þar er tilgangi, hlutverki og heimildum nefndarinnar lýst og lögð fram starfsáætlun. Endurskoðunarnefnd hélt 3 fundi á árinu 2024 auk þess sem nefndin fundaði með stjórn sjóðsins og tók þátt í stefnumótunarvinnu. Allir nefndarmenn mættu á fundi nefndarinnar og tóku virkan þátt í störfum hennar. Starfsreglur endurskoðunarnefndar eru aðgengilegar á vefsvæði sjóðsins.

Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og gerir við hann ráðningarsamning. Stjórnin setur reglur um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra til stjórnar um rekstur, iðgjöld, réttindaávinnslu og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá setur stjórnin verklagsreglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna og fær þær staðfestar af fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.



## Stjórnarháttayfirlýsing, framhald:

---

Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir ákvæðum laga nr. 129/1997, reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim og samþykktum sjóðsins og þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, eða annar sá aðili sem hann veitir umboð til að fara með atkvæði. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar skal framkvæmdastjóri aðeins taka með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Jón L. Árnason. Hann er fæddur 1960 og hefur verið framkvæmdastjóri sjóðsins frá 2015. Hann er viðskiptafræðingur frá HÍ (Cand. Oecon) og með próf í verðbréfavíðskiptum. Frá 2005 – 2015 starfaði hann í eignastýringu Kaupþings og síðar Arion banka, sem viðskiptastjóri í einkabankaþjónustu, forstöðumaður einkabankaþjónustu 2010-2013 og framkvæmdastjóri lífeyrissjóða í rekstri bankans 2013-2015. Jón tók sæti í stjórn Reiknistofu lífeyrissjóða 2022 og sem varamaður í stjórn Greiðslustofu lífeyrissjóða. Jón hefur setið í stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins frá 2015.

Forstöðumaður eignastýringar er Guðrún Inga Ingólfssdóttir. Hún heyrir undir framkvæmdastjóra og ber ábyrgð á daglegum rekstri eignastýringar, tekur þátt í mótun fjárfestingarstefnu og kemur að framkvæmd einstakra þátta áhættustefnu. Hún er skilgreind sem lykilstarfsmaður.

Áhættustjóri er Þorbjörn Sigurðsson. Hann er skilgreindur sem lykilstarfsmaður. Hann ber ábyrgð á greiningu, mælingu og skýrslugjöf um áhættu. Hann leggur áhættumælaborð fyrir stjórn mánaðarlega og fylgir eftir að ársfjórðungslegar skýrslur um fjárhagslega áhættu séu gerðar og kynnir þær fyrir stjórn. Hann heyrir undir framkvæmdastjóra en hefur beinan aðgang að stjórn og situr jafnan stjórnarfundum.

Fjármálastjóri er Árni Grétarsson. Hann sinnir skrifstofustjórn, ber ábyrgð á veitingu sjóðfélagalána, lífeyrisúrskurðum, upplýsingatæknimálum og innheimtu sjóðsins og sér um gerð árshlutauppgjors og ársuppgjors. Hann er skilgreindur sem lykilstarfsmaður.

Persónuverndarfulltrúi sjóðsins er Linda Hrönn Hermannsdóttir. Hún hefur umsjón með eftirfylgni persónuverndarstefnu, tekur við beiðnum einstaklinga um aðgang að eigin persónuupplýsingum og er tengiliður sjóðsins við Persónuvernd.

KPMG ehf. annast innri endurskoðun sjóðsins. Eva M. Kristjánsdóttir og Gunnar Ragnarsson eru þar í forsvari. Ytri endurskoðandi er Kristinn Freyr Kristinsson, PwC ehf. Tryggingastærðfræðingur sjóðsins er Bjarni Guðmundsson.

Í stjórn sjóðsins sitja 3 karlar og 2 konur en í varastjórn eru 2 karlar og 2 konur. Starfsmenn sjóðsins eru 12 og er kynjaskipting jöfn, 6 karlar og 6 konur.

Aðalfund sjóðsins skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert og eiga allir sjóðfélagar rétt til fundarsetu með tillögu- og atkvæðisrétti. Á aðalfundi skal taka fyrir skýrslu stjórnar; kynningu ársreiknings; gera grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt; gera grein fyrir fjárfestingarstefnu; greina frá niðurstöðu stjórnarkjörs; kjósa varastjórnarmenn; kjósa endurskoðendur og tvo fulltrúa í endurskoðunarnefnd; leggja fram tillögur á breytingum á samþykktum sjóðsins þegar þær liggja fyrir; ákvarða laun stjórnarmanna og endurskoðunarnefndar; ræða önnur mál, löglega upp borin.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Lífsverks lífeyrissjóðs 19. mars 2025.

# Ófjárhagslegar upplýsingar

Lífsverk er aðili að reglum um ábyrgar fjárfestingar (Principles for Responsible Investment - PRI). Með aðild sinni skuldbindur Lífsverk sig til að leggja áherslu á samfélagsleg og umhverfisleg sjónarmið, auk góðra stjórnarháttanna þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í. Þá er Lífsverk einn af stofnaðilum IcelandSIF, sem er íslenskur umræðuvettvangur fyrir ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar og hefur frá árinu 2020 verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni. Lífsverk hefur ásamt 12 öðrum íslenskum lífeyrissjóðum skuldbundið sig á vettvangi Climate Investment Coalition til fjárfestinga í grænum verkefnum sem mun styðja við markmið Parísarsamkomulagsins og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Stefna Lífsverks er að gæta gagnsæis gagnvart sjóðfélögum og öðrum hagaðilum um ábyrgar fjárfestingar sjóðsins.

Stefna Lífsverks um ábyrgar fjárfestingar var uppfærð í ágúst 2024. Í henni skilgreinir sjóðurinn sjálfbærni viðmið í fjárfestingum og áhættustýringu sjóðsins, m.a. í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 sem kveður á um að lífeyrissjóðir skuli setja sér siðferðisleg viðmið í fjárfestingum. Mat stjórnar er að fjárhagsleg og ábyrg markmið fari saman og stuðli í sameiningu að bættum hag sjóðfélaga. Við mat á sjálfbærni horfir sjóðurinn til viðmiða um umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti. Til að skerpa á eftirfylgni með sjálfbærni viðmiðum í fjárfestingum sjóðsins, þá hefur hluthafastefna sjóðsins verið sameinuð við stefnu um ábyrgar fjárfestingar.

Sérstök áhersla er lögð á tiltekin sjálfbærni viðmið út frá mikilvægi þeirra fyrir sjóðinn og því hvar sjóðurinn getur haft mest áhrif. Til að kanna hvaða sjálfbærni viðmið hagaðilar telja mikilvægust var framkvæmd mikilvægisgreining. Á grundvelli hennar hefur sjóðurinn ákveðið að leggja áherslu á eftirfarandi viðmið:

- Umhverfismál: Gagnsæi um kolefnisspor
- Félagsglegir þættir: Velferð og öryggi starfsfólks
- Stjórnarhættir: Gagnsæi, ábyrgð og upplýsingagjöf.

Markmið sjóðsins í umhverfismálum til skamms tíma eru að ná utan um upplýsingar um kolefnislosun í innlendu og erlendu eignasafni sjóðsins og hafa sem áreiðanlegastar upplýsingar um kolefnislosun vegna fjárhagsársins 2024. Ennfremur að horfa til þess að setja mælanleg og tímasett markmið fyrir eignasafn sjóðsins um lækkun kolefnislosunar til langs tíma.

Varðandi félagslega þætti er áhersla lögð á að fyrirtæki sem fjárfest er í upplýsi á gagnsæjan hátt um hvernig þau stuðli að velferð starfsfólks. Horft verður til þess hvernig fyrirtæki vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum, forvörnum og fræðslu til að lækka vinnuslysatiðni, sporna gegn mismunun og koma í veg fyrir einelti, kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi.

Lífsverk leitast við að sækja hluthafafundi þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Sjóðurinn leitast við að rýna tillögur með upplýstum hætti og tekur sjálfstæða afstöðu til þeirra út frá hagsmunum og stefnumörkun sjóðsins hverju sinni. Telji sjóðurinn ástæðu til þá kemur hann sjónarmiðum á framfæri við viðkomandi stjórn fyrir hluthafafund fyrirtækisins, til að gefa stjórn færi á að bregðast við eða rökstyðja tillögur sínar. Sé ekki komið til móts við sjónarmið sjóðsins eða skýringar eru ófullnægjandi þá greiðir sjóðurinn atkvæði til samræmis við það.

Markmið Lífsverks er að rekstur sjóðsins sé umhverfisvænn, að lágmarka sóun á vinnustað og hvetja starfsfólk til að láta gott af sér leiða til samfélagsins.

Stjórn sjóðsins er eingöngu skipuð sjóðfélögum og er aðalstjórn kjörin í rafrænum kosningum, þar sem allir sjóðfélagar hafa jafnan kosningarétt. Fimm sitja í aðalstjórn og eru tveir stjórnarmenn kosnir árlega til þriggja ára, karl og kona, og þriðja árið er einn stjórnarmaður kosinn. Stjórn nú er skipuð þremur körlum og tveimur konum. Í árslok voru 12 starfsmenn hjá sjóðnum, sex karlar og sex konur. Auk framkvæmdastjóra eru þrír starfsmenn skilgreindir sem lykilstarfsmenn, tveir karlar og ein kona.

Til að sporna gegn mögulegum spillingar- og mútumálum hefur stjórn Lífsverks sett sér starfsreglur og samskipta- og siðareglur. Þá eru í gildi verklagsreglur um verðbréfavíðskipti stjórnar og starfsmanna, sem uppfærðar voru á árinu 2023. Stjórn hefur jafnframt gert greiningu á mögulegum hagsmunaárekstrum í starfsemi sjóðsins. Sjóðurinn hefur sett reglur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og gerir áhættumat vegna peningabættis í samræmi við lög nr. 140/2018.





**LÍFSVERK**  
LÍFEYRISJÓÐUR

Laugavegur 182 - 105 Reykjavík  
[www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is)